

# **Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2022-2025**





## Efnisyfirlit

<b>1. Greinargerð bæjarstjórnar</b> .....	5
<b>2. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2022-2025</b> .....	6
2.1. Forsendur fjárhagsáætlunar.....	6
2.2. Fjárfestingaráætlun .....	12
2.3. Lykiltölur fyrir 2020 – 2025 .....	13
<b>3. Fjölskyldusvið</b> .....	14
3.1. Félagsþjónusta.....	14
3.2. Barnavernd.....	15
3.3. Þjónusta við aldraða.....	15
<b>4. Fræðslumál</b> .....	15
4.1. Leikskólar í Vesturbyggð.....	16
4.2. Grunnskólar í Vesturbyggð.....	16
4.3. Tónlistarskóli Vesturbyggðar.....	17
<b>5. Æskulýðs- og íþróttamál</b> .....	17
5.1. Félagsmiðstöðvar .....	18
5.2. Íþróttamannvirki .....	18
5.3. Styrkir og framlög til íþróttamála .....	18
<b>6. Menningar- og safnamál</b> .....	19
6.1. Bókasöfn í Vesturbyggð .....	19
6.2. Skjaldborgarbíó.....	19
6.3. Félagsheimili í Vesturbyggð .....	19
6.4. Vatneyrarbúð á Patreksfirði.....	19
6.5. Muggstofa á Bíldudal .....	20
6.6. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti.....	20
6.7. Styrkir og framlög.....	20
<b>7. Brunamál og almannavarnir</b> .....	21
7.1. Slökkvilið.....	21
7.2. Almannavarnir .....	21
<b>8. Umhverfis- og framkvæmdasvið</b> .....	22
8.1. Landbúnaðarmál, fjallskil o.fl. ....	22



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

8.2. Refa- og minkaeyðing .....	22
8.3. Heilbrigðis- og dýraeftirlit .....	22
8.4. Umhverfismál .....	22
8.5. Þjónustumiðstöðvar/áhaldaús .....	23
8.6. Hreinlætismál .....	23
8.7. Eignasjóður .....	24
8.8. Framkvæmdir .....	24
8.9. Veitur Vesturbyggðar .....	25
8.10. Fasteignir Vesturbyggðar .....	25
<b>9. Fjármála- og stjórnsýsluvið .....</b>	<b>26</b>
9.1. Stjórnsýsla, gæðamál og þjónusta .....	26
9.2. Mannauðs- og kjaramál .....	26
9.3. Upplýsingatæknimál og persónuvernd .....	27
9.4. Upplýsinga- og kynningarmál .....	27
9.5. Atvinnumál .....	27
<b>10. Hafnir Vesturbyggðar .....</b>	<b>28</b>
10.1. Almennt um hafnasjóð Vesturbyggðar .....	28
10.2. Framkvæmdir við hafnamannvirki .....	28
<b>11. Skipulags- og byggingamál .....</b>	<b>29</b>
11.1. Skipulagsmál .....	29
11.2. Byggingamál og lóðaúthlutanir .....	30
<b>12. Samantekinn A hluti .....</b>	<b>30</b>
12.1. Rekstrarreikningur .....	30
12.2. Efnahagsreikningur .....	31
12.3. Sjóðstreymi .....	32
<b>13. Samantekinn A og B hluti .....</b>	<b>33</b>
13.1. Rekstrarreikningur .....	33
13.2. Efnahagsreikningur .....	34
13.3. Sjóðstreymi .....	35
<b>14. Sundurliðanir 2022 .....</b>	<b>36</b>
14.1. Málaflokkayfirlit 2022 .....	36



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

14.2. Efnahagsyfirlit 2022.....	37
14.3. Sjóðstreymisyfirlit 2022.....	38
<b>15. Sundurliðanir 2023 .....</b>	<b>39</b>
15.1. Málaflokkayfirlit 2023 .....	39
15.2. Efnahagsyfirlit 2023.....	40
15.3. Sjóðstreymisyfirlit 2023.....	41
<b>16. Sundurliðanir 2024 .....</b>	<b>42</b>
16.1. Málaflokkayfirlit 2024 .....	42
16.2. Efnahagsyfirlit 2024.....	43
16.3. Sjóðstreymisyfirlit 2024.....	44
<b>17. Sundurliðanir 2025 .....</b>	<b>45</b>
17.1. Málaflokkayfirlit 2025 .....	45
17.2. Efnahagsyfirlit 2025.....	46
17.3. Sjóðstreymisyfirlit 2025.....	47
<b>18. Gjaldskrár 2022 .....</b>	<b>47</b>



## 1. Greinargerð bæjarstjórnar

Undirbúningur og vinna við fjárhagsáætlun 2022-2025 fór fram í gegnum fjarfundi sem og staðarfundi, á samtals 9 vinnufundum bæjarstjórnar haustið 2021.

Undirbúningur áætlunarinnar hófst í júní 2021 þegar bæjarráð staðfesti á 922. fundi sínum reglur um fjárhagsáætlunarferli vegna áætlunar 2022-2025. Mestur þungi vinnunnar fór fram í september, október og nóvember.

Fjárhagsáætlun 2022-2025 ber merki um þann mikla vöxt sem sveitarfélagið hefur tekist á við og stendur frammi fyrir á næstu árum. Mikil íbúafjölgun hefur orðið á árinu 2021 og þörf fyrir hentugt húsnæði er mikil. Bæjarstjórn leggur því ríka áherslu á að ljúka við skipulag íbúðarsvæða í sveitarfélaginu í kjölfar nýstaðfests Aðalskipulags Vesturbyggðar til 2035, þannig að unnt sé að úthluta hentugum lóðum til frekari húsbýgginga. Vesturbyggð stendur frammi fyrir mörgum áskorunum og óvissu sem fylgir þeim öra vexti sem sveitarfélagið er í. Það er því mikilvægt að góð samvinna sé á milli sveitarfélagsins og atvinnulífs í Vesturbyggð. Þannig verði með samvinnu sveitarfélagsins og atvinnulífs í sveitarfélaginu litið til framtíðar við að byggja upp enn öflugra samfélag. Áherslur í fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2022 miða að því að styðja áfram við fjölskylduvænt samfélag. Framlög til fræðslu, íþróttar- og æskulýðsmála í Vesturbyggð á árinu 2022 nema samtals 64,4 % af tekjum A-hluta. Þá er sveitarfélagið á árinu 2022 bundið í stórum og kostnaðarsömum framkvæmdum sem taka djúgan hluta af fjárfestingagetu sveitarfélagsins, má þar nefna framkvæmdir við ofanflóðavarnir og umfangsmiklar framkvæmdir við hafnarmannvirki í sveitarfélaginu. Þá verða á árinu 2022 ýmsar áskoranir sem snúa að umhverfis- og hreinlætismálum í sveitarfélaginu. Mun þar hafa mest áhrif breytingar á meðhöndlun úrgangs, uppbygging söfnunarsvæða, frekari flokkun úrgangs sem og undirbúningur vegna fráveituf framkvæmda á næstu árum.

Það er von bæjarstjórnar Vesturbyggðar að hér sé komin fram áætlun sem sýni raunverulegan rekstur sveitarfélagsins á árinu 2022 sem og mælt sé fyrir um framkvæmdir sem raunhæft er að unnt verði að ráðast í á næsta ári. Þá er í áætluninni að finna áætlun fyrir árin 2023, 2024 og 2025 og áætlun um helstu fjárfestingar til næstu ára, sem markar stefnu sveitarfélagsins til þeirrar öflugu framtíðaruppbyggingar sem framundan er í Vesturbyggð.

Fjárhagsáætlun sú sem hér er lögð fram gerir ráð fyrir að heildartekjur A- hluta á árinu 2022 verði 1,4 milljarður króna og heildarútgjöld án afskrifta og fjármagnskostnaðar verði 1,36 milljarður króna.

Í samstæðunni í heild sinni er gert ráð fyrir að heildartekjur verði 1,8 milljarður króna en heildarútgjöld verði 1,5 milljarður króna fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Afskriftir eru áætlaðar 91 millj. kr. og fjármagnsliðir 113,9 millj. kr.

Lántökur vegna fjárfestinga er eðlilegur hluti af rekstri sveitarfélagsins og í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir 250 millj. kr. í lántöku. Þar af eru áætlaðar rúmlega 82,5 millj. kr. til að standa undir



nauðsynlegum fjárfestingaverkefnum næsta árs og þá eru afborganir langtímalána áætlaðar á árinu 2022 samtals 167,4 millj. kr.

## 2. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2022-2025

Hér er fjallað um þær helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2022 – 2025. Útgönguspá ársins 2021 tekur mið af fjárhagsáætlun ársins með samþykktum viðaukum og mati á þróun skatttekna.


### 2.1. Forsendur fjárhagsáætlunar

#### Verðlagsforendur

Í fjárhagsáætluninni er tekið mið af almennum forsendum samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2021 um að almenn verðlagsbreyting verði 3% á milli árunna 2021 og 2022, en almenn nafnverðshækkun launa verði um 5,8 % á milli sömu ára.

Við gerð áætlunarinnar fyrir árin 2022-2025 var stuðst við spá um þróun verðlags milli hvers árs en áhrifin aðeins reiknuð á rekstrarliði. Þriggja ára áætlunin byggir því á magnbreytingum, fjölgun íbúa og framlögum Jöfnunarsjóðs og tekjur aukist. Þá er gert ráð fyrir að dregið verði úr rekstrarkostnaði um 2% á árinu 2022, sem unnið hefur verið að á árinu 2021. Að öðru leyti er gert ráð fyrir föstu verðlagi á öðrum þáttum, þ.m.t. tekjum, launum og öðrum rekstrarkostnaði. Afskriftir eru reiknaðar m.v. þróun eigna og fjárfestinga.

Rekstrarjöfnuður / jafnvægisregla





## Skatttekjur


Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 838,7 millj. kr. Skatttekjur samanstanda af útsvari, framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fasteignaskatti og lóðaleigu. Nánar er gerð grein fyrir einstökum liðum skatttekna hér að neðan:

### Útsvar

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 14,52%, sem er leyfilegt hámarksútsvars. Samkvæmt 1. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, er útsvar einn af mikilvægustu tekjustofnum Vesturbyggðar. Samkvæmt 19. gr. laganna skulu þeir sem skattskyldir eru skv. lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 greiða útsvar af tekjum sínum til Vesturbyggðar og fellur það óskipt til sveitarfélagsins. Útsvarið er greitt til þess sveitarfélags þar sem viðkomandi einstaklingur átti lögheimili á árinu og er því mikilvægt að þeir sem búa og starfa í Vesturbyggð séu með skráð lögheimili sitt í sveitarfélaginu. Við áætlun útsvarstekna fyrir árið 2022 er m.a. tekið mið af áætlunum hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga ásamt íbúapróun í Vesturbyggð.

Fjárhagsáætlunin 2022 gerir ráð fyrir að útsvarstekjur verði 746,7 millj. kr. borið saman við 615 millj. kr. í áætlun ársins 2021.

Íbúar í Vesturbyggð voru 1.064 þann 1. janúar 2021 en voru 21. nóvember 2021 samtals 1.138 talsins eða 7% fjölgun á milli ára. Fjárhagsáætlun 2022-2025 gerir ráð fyrir 3,5% fjölgun íbúa í Vesturbyggð á milli ára.



Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að laun í Vesturbyggð hækki í samræmi við almenna launaþróun eða um 5,8 % frá árinu 2021.



### *Fasteignaskattur og lóðaleiga.*

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að álagningastuðull fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði hækki úr 0,45% í 0,55% af fasteignamati. Ákvörðun um hækkun á álagningastuðli fasteignaskatts er m.a. tekin til að aðlaga álagningastuðulinn betur að reglum Jöfnunarsjóðs um tekjujöfnunarframlag. Á móti þeirri hækkun er lóðaleiga á íbúðarhúsnæði og vatns- og fráveitugjöld á íbúðarhúsnæði lækkuð. Einnig var horft til áhrifa af hækkun fasteignamats, sem hækkaði að jafnaði um 15,2% á milli ára. Hækkun fasteignamats er breytileg eftir svæðum innan sveitarfélagsins sem og tegundum fasteigna og hefur því breyting á álagningastuðli mismunandi áhrif á gjaldendur. Álagningastuðlar á annað húsnæði eru óbreyttir á árinu 2022, 1,32% fyrir stofnanir og 1,65% fyrir aðrar eignir.

Fasteignaskattur er áætlaður 93 millj. kr. en var skv. fjárhagsáætlun 2021 samtals 71,6 millj. kr. Hækkun á fasteignaskatti milli ára skýrist af breytingum á álagningastuðli fasteignaskatts og mikilli hækkun fasteignamats í Vesturbyggð. Á Patreksfirði nemur hækkun á sérbyli um 30,4% og er meðalverð fyrir sérbyli nú 161.853 kr. á m2 og á Bíldudal nemur hækkun á sérbyli 5,7% og er meðalverð fyrir sérbyli 154.804 kr. á m2. Áfram eru veittir afslættir af fasteignaskatti til eldri borgara og öryrkja samkvæmt ákveðnu tekjuviðmiði sem hækkar um 5,8 % á milli ára.

Lóðaleiga fyrir íbúðarhúsnæði lækkar og fer úr 3,75% niður í 1% skv. fjárhagsáætlun 2022. Þá er óbreytt lóðaleiga fyrir atvinnuhúsnæði, 3,75%.

Til að milda þau áhrif sem verða af hækkun fasteignamats fyrir gjaldendur í Vesturbyggð er á árinu 2022 gert ráð fyrir að gjalddögum til greiðslu fasteignagjalda verði fjölgað úr 9 gjalddögum í 11 gjalddaga, en fyrsti gjalddagi er 1. febrúar 2022.

### *Jöfnunarsjóður sveitarfélaga*

Samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er jöfnunarsjóður einn þriggja meginstofna sveitarfélaga og er mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarfélaga, en hlutverk sjóðsins er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum. Framlög sjóðsins skiptast í sérstök framlög, tekjujöfnunarframlag, útgjaldajöfnunarframlag, jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlags vegna þjónustu við fatlað fólk. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga vegna m.a. fasteignagjalda. Útgjaldajöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem hafa áhrif á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli og fleiri þættir sem breytilegir geta verið milli sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlun 2022 byggir á áætlun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en um 25% af tekjum Vesturbyggðar í A-hluta koma í gegnum Jöfnunarsjóð. Gert er ráð fyrir að framlög sjóðsins verði 385 millj. kr. á árinu 2022. Framlög voru í upphafi ársins 2021 áætluð 317 millj. kr. skv. áætlun Jöfnunarsjóðs en í lok árs námu framlög Jöfnunarsjóðs samtals 348 millj. kr. Tekjur Vesturbyggðar af





## Vesturbyggð


Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

framlögum Jöfnunarsjóðs hafa því aukist nokkuð eftir að hafa lækkað verulega frá árinu 2018 þegar framlögin námu 424 millj. kr.

	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Samtals framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	349.335	379.692	424.399	371.892	338.066	348.031	385.938

### Þróun skatttekna 2020-2025

#### Þróun rekstrartekna



#### Aðrar fasteignatengdar tekjur

##### Vatnsveita

Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir lækkun á vatnsgjaldi á íbúðarhúsnæði en það lækkar úr 0,40% af fasteignamati í 0,38%. Vatnsgjald á annað húsnæði helst óbreytt og er áfram 0,50%. Gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun að tekjur vatnsveitna verði 49,1 millj. kr. en heildarútgjöld eru áætluð 40,9 millj. kr.

##### Fráveita

Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir lækkun á fráveitugjaldi á íbúðarhúsnæði en það lækkar úr 0,40% af fasteignamati í 0,38%. Fráveitugjald á annað húsnæði helst óbreytt og er áfram 0,40%. Gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun að tekjur frá fráveitu verði 36,7 millj. kr. en heildarútgjöld eru áætluð 26,2 millj. kr.



## Gjaldskrár

Almenn hækkun á gjaldskrá Vesturbyggðar er 2,5% og tekur m.a. mið af yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífskjarasamninga 2019-2022, þar sem mælt er fyrir um að gjaldskrár hækki ekki umfram 2,5% milli ára.

## Laun og launatengd gjöld


Launaáætlun ársins 2022 byggir á áætlunum stjórnenda, en við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningasamninga. Laun og launatengd gjöld eru áætluðum 902 millj. kr. hjá samstæðu A- og B-hluta Vesturbyggðar á árinu 2022.

## Almennir rekstrarliðir

Samkvæmt áætluninni er annar rekstrarkostnaður fyrir A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar, fyrir utan afskriftir, samtals 612,4 millj. kr. á árinu 2022.

*Þróun rekstrarkostnaðar, lífeyrissjóðsskuldbindinga og laun og launatengd gjöld 2020-2025*

Þróun rekstrargjalda



## Afskriftir

Afskriftir fastafjármuna eru reiknaðar í samræmi við afskriftarhlutföll, áætlaðan líftíma eigna, fjárfestingar ársins og aðrar breytingar á fastafjármunum.

## Fjármagnsliðir


Verðbólga er áætluð 3% á árinu 2022 og þá er gert ráð fyrir um 2,5% verðlagshækkun fjármagnsliða á árunum 2023 til 2024 í samræmi við þjóðhagspá Hagstofu Íslands.



## Lántaka

Samkvæmt áætluninni er hluti af fjárfestingum Vesturbyggðar á árinu 2022 fjármagnaður með langtímalánum. Lántaka hjá Ofanflóðasjóði tengist framkvæmdum við ofanflóðavarnir á Patreksfirði. Afborganir langtímalána á árinu 2022 eru áætlaðar 167,4 millj. kr. og lántökur vegna fjárfestinga 82,5 millj. kr. Heildarlántaka er því 250 millj. kr.

### Ný fjárfesting / lántaka sem hlutfall af skuldum





## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

### 2.2. Fjárfestingaráætlun

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2022 nema samtals 288,3 millj. kr. Heildar fjárfesting næstu 4 ára nema rúmulega 1.267 millj. króna.

Fjárfestingaryfirlit				
Fjárfesting	Árið 2022	Árið 2023	Árið 2024	Árið 2025
<b>A hluti</b>				
<b>Eignasjóður</b>				
Ofanflóðavarnir, vamárgarðar	55.000	20.000	20.000	20.000
Ofanflóðavarnir - lán til lækkunar á fjárfestingu	-55.000	-20.000	-20.000	-20.000
Slökkvibifreiðar og tæki	20.000	25.000	10.000	10.000
Götur og innviðir	19.300	20.000	20.000	20.000
Ljósleiðari	5.000	3.000	0	0
Tjaldsvæðið	5.500	5.000	5.000	5.000
Skólahúsnæði	14.270	40.000	40.000	40.000
Sund/vaðlaug á Bıldudal	0	15.000	15.000	0
Innviðaupbygging á atvinnusvæðum	0	10.000	10.000	20.000
Innviðaupbygging á íbúasvæðum	0	20.000	20.000	40.000
Þjónusturými aldraðra	0	40.000	40.000	20.000
Hjúkrunarými	0	41.800	41.800	0
Aðrar eignir í eignarsjóði	35.880	10.000	15.000	15.000
Áhaldahús á Bıldudal	31.000	0	0	0
<b>A hluti samtals</b>	<b>130.950</b>	<b>229.800</b>	<b>216.800</b>	<b>170.000</b>
<b>B hluti</b>				
<b>Hafnarsjóður</b>				
Patrekshöfn	20.528	50.000	50.000	50.000
Bıldudalshöfn	64.800	30.000	30.000	30.000
Brjánslækjarhöfn	31.700	5.000	5.000	5.000
<b>Fráveita</b>	<b>15.115</b>	<b>3.500</b>	<b>3.500</b>	<b>3.500</b>
Fráveita Patreksfjarðar	15.115	2.500	2.500	2.500
Fráveita Bıldudal	0	1.000	1.000	1.000
<b>Vatnsveita</b>	<b>22.557</b>	<b>32.300</b>	<b>32.300</b>	<b>32.300</b>
Patreksveita	19.057	20.600	20.600	20.600
Bıldudalsveita	3.500	11.700	11.700	11.700
<b>Aðrar eignir í B - hluta</b>	<b>2.600</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>B hluti samtals</b>	<b>157.300</b>	<b>120.800</b>	<b>120.800</b>	<b>120.800</b>
<b>Samantekið - A og B hluti</b>	<b>288.250</b>	<b>350.600</b>	<b>337.600</b>	<b>290.800</b>

Árin 2023 – 2025 sýna stefnumörkun bæjarstjórnar Vesturbyggðar um fyrirhugaðar fjárfestingar en fela ekki í sér ákvörðun.



## 2.3. Lykiltölur fyrir 2020 – 2025

Hér að neðan eru tilgreindar afkomutölur og reiknaðar stærðir í fjárhagsáætlun Vesturbyggðar fyrir árin 2020-2025.

Lykiltölur	Rauntölur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
Breyting tekna milli ára.....		1,1%	9,0%	5,8%	5,6%	5,5%
Breyting gjalda milli ára.....		0,6%	7,2%	4,1%	4,4%	4,3%
Íbúafjöldi 31. desember.....	1.064	1.138	1.188	1.238	1.288	1.338
Rekstrartekjur, þar af:	1.613.793	1.631.429	1.778.182	1.881.389	1.986.696	2.096.500
Útsvar.....	619.336	669.274	746.679	803.831	861.385	921.669
Fasteignaskattur.....	93.083	96.985	110.132	114.503	119.048	123.774
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	372.832	348.031	385.938	405.235	425.497	446.772
Aðrar tekjur.....	552.609	763.504	895.462	917.848	940.794	964.314
Rekstrargjöld.....	1.423.546	1.428.483	1.529.704	1.591.031	1.655.422	1.722.093
Laun og launatengd gjöld.....	831.822	851.209	902.304	939.298	978.749	1.019.856
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	21.468	18.750	15.000	15.000	15.000	15.000
Annar rekstrarkostnaður.....	570.257	558.524	612.400	636.732	661.673	687.237
Framlegð (EBITDA).....	190.246	202.947	248.478	290.359	331.274	374.407
Afskriftir.....	79.710	83.971	91.411	96.950	107.006	116.315
EBIT.....	110.536	118.975	157.067	193.409	224.268	258.091
Veltu fé frá rekstri.....	112.533	133.115	205.718	243.640	280.003	320.148
Handbært fé frá rekstri.....	111.856	127.198	199.801	237.723	274.086	314.231
Afborganir.....	205.639	176.592	167.435	171.465	174.788	178.308
Fjárfestingar.....	171.633	132.010	288.251	350.600	337.600	290.800
Vaxtagreiðslur.....	47.029	58.883	58.760	62.554	66.562	69.432
Fjárförð ársins (Framlegð - vextir, afborganir og fjárfesting).....	( 234.055 )	( 162.538 )	( 265.968 )	( 294.260 )	( 247.676 )	( 164.133 )

### Skuldahlutfall


Við útreikning skuldahlutfallsins er tekið tillit til allra skulda og skuldbindinga, þar á meðal langtímaskulda, skuldbindinga vegna leigu- og rekstrarsamninga, lífeyrisskuldbindinga og skammtímaskulda. Skuldahlutfall A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar er 130,9% en var skv. fjárhagsáætlun 2021, samtals 156,6%. Sveitarfélagið er nú þegar bundið í kostnaðarsömum og stórum fjárfestingaverkefnum sem lengi hefur verið beðið eftir, má þar nefna ofanflóðaframkvæmdir á Patreksfirði og hafnarframkvæmdir á Bíldudalshöfn og Brjánslækjarhöfn.

### Skuldaviðmið

Skuldaviðmið reiknast út frá skuldahlutfalli að teknu tilliti til útreikninga skv. 14. gr. reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012, með síðari breytingum. Skuldaviðmið A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar er áætlað 114% en var skv. fjárhagsáætlun 2021, samtals 121,6%. Samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.



## Skuldahlutfall og skuldaviðmið



## 3. Fjölskyldusvið

fjölskyldusvið Vesturbyggðar fer með málefni félagsþjónustu, barnaverndar, grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, æskulýðs- og íþróttamál og fl. Á sviðinu er veitt ráðgjöf og aðstoð sem lítur að velferð íbúa í Vesturbyggð, s.s. vegna málefna aldraðra, fatlaðs fólks, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimþjónusta, húsnæðismál, málefni er varða börn og unglinga, félagslega ráðgjöf, jafnréttismál, innflytjendamál, barnavernd, málefni erlendra íbúa og fl. Vesturbyggð rekur byggðasamlag Vestfjarða í málefnum fatlaðs fólks ásamt öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum.

### 3.1. Félagsþjónusta

Hlutverk félagsþjónustu Vesturbyggðar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa í sveitarfélaginu á grundvelli samhjálpár sbr. ákvæði laga um félagsþjónustusveitarfélaga nr. 40/1991. Leitast skal við að tryggja íbúum í Vesturbyggð félagslegt öryggi með heildstæðri félagslegri þjónustu. Með skipulagðri félagsþjónustu er lögð áhersla á að réttur íbúa sé ljós og einstaklingum ekki mismunað. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs sinnir verkefnum félagsmálastjóra Vesturbyggðar.

Í fjárhagsáætlun 2022 er lögð áhersla á aukna þjónustu við barnafjölskyldur í Vesturbyggð. Þannig eru áfram veittar foreldragreiðslur til foreldra að loknu fæðingarorlofi og þar til barn kemst í leikskóla. Einnig er áfram gert ráð fyrir styrk til dagforeldra til starfa á Barðaströnd. Á árinu 2022 verður unnið í innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, en ásamt félagsþjónustu munu leik- og grunnskólar í Vesturbyggð og heilbrigðisstofnun Vestfjarða koma að innleiðingu laganna en gera má ráð fyrir að kostnaður sveitarfélagsins muni aukast eftir innleiðinguna sem áætla þarf fyrir árið 2023.



Útgjöld til félagsþjónustu að frádregnum tekjum eru áætluð 71,1 millj. kr. á næsta ári miðað við 64 millj. kr. árið 2021.

### 3.2. Barnavernd

Á árinu 2022 verður unnið í innleiðingu breytinga á barnavernd vegna laga um samþættingu þjónustu við börn sem staðfest voru á Alþingi 2021 og öðlast gildi 1. janúar 2022. Mun hlutverk Velferðarráðs því breytast þar sem umfjöllun um barnaverndarmál flytjast til umdæmisráða. Nánara skipulagi og útfærslu er ekki lokið. Auk þess er á fjölskyldusviði sinnt umsóknnum um leyfi til að gerast fósturforeldrar, vistforeldrar, stuðningsfjölskyldur eða umsóknir um leyfi til ættleiðinga barna.

### 3.3. Þjónusta við aldraða

Markmið þjónustu við aldraða er að aldraðir geti eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf og þjónusta sé veitt á því þjónustustigi sem henti þörfum hvers og eins. Eftirfarandi þjónusta er veitt á Fjölskyldusviði Vesturbyggðar:

- Félagsleg heimaþjónusta
- Heimsendur matur í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði
- Félagsstarf aldraðra á Barðaströnd, Patreksfirði og Bíldudal

Þjónusta við aldraða hefur verið minni í ár en síðustu ár vegna kórónuveirufaraldursins, m.a. til að verja aldraða sem teljast til áhættuhóps vegna faraldursins. Félagsstarf fer nú fram í Laufinu, Barðaströnd, Eyraseli, Patreksfirði og Muggsstofu, Bíldudal. Nýr starfsmaður var ráðinn á Bíldudal sem einnig er forsvarsmaður samfélagsmiðstöðvarinnar Muggsstofu. Þá hefur sveitarfélagið komið að undirbúningi vegna endurnýjunar á hjúkrunarrýmum við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði og eru þar til skoðunar viðbótarrými á vegum sveitarfélagsins, m.a. fyrir félagsstarf aldraðra og dagvistun. Áætlað er að fyrirhugaðar framkvæmdir verði kynntar á árinu 2022. Þá tók öldrunarráð til starfa á árinu 2021. Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að innritunargjald í félagsstarf aldraðra sem hefur verið hver önn 2.820 kr. verði fellt niður og geta því aldraðir sótt félagsstarf í Vesturbyggð án greiðslu gjaldsins.

### Þjónusta við fatlað fólk og byggðasamlag

Markmið þjónustu við fatlað fólk er að það eigi kost á sem bestri þjónustu á hverjum tíma, til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess. Þjónustan er veitt í gegnum byggðasamlag Vestfjarða í málefnum fatlaðs fólks.

## 4. Fræðslumál

Undir fræðslumál í Vesturbyggð falla málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskólans. Heildarútgjöld vegna fræðslumála í Vesturbyggð að frádregnum tekjum eru áætlaðar 654,8 millj. kr. á árinu 2022.



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Tveir leikskólar eru reknir í Vesturbyggð, Tjarnarbrekka á Bíldudal og Araklettur á Patreksfirði, þá er elsti árgangur leikskólabarna í leikskóladeildinni Klif í Patreksskóla. Áætlað er að á árinu 2022 verði leikskólabörn í Vesturbyggðum 65 talsins.

Tveir grunnskólar eru reknir í Vesturbyggð, Bíldudalsskóli og Patreksskóli og þar er boðið upp á frístund. Samtals er áætlað að grunnskólabörn í Vesturbyggð verði um 120 á árinu 2022.

Tónlistarskóli Vesturbyggðar þjónar öllum íbúum í Vesturbyggð og erum um 55 nemendur sem stunda að jafnaði nám við skólann.

Á árinu 2021 tóku til starfa tveir nýir skólastjórnendur við skólana í Vesturbyggð.

Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að á árinu fari fram endurskoðun á skólastefnu Vesturbyggðar sem er frá árinu 2014. Við þá endurskoðun verði einnig metið hvernig tekist hefur til vegna sameiningar leik- og grunnskóla á Bíldudal og leikskóladeildar í Patreksskóla. Þá verði einnig við endurskoðun skólastefnunnar metin húsnaðisþörf leik- og grunnskóla til framtíðar í Vesturbyggð og litið til gildandi menntastefnu til 2030 og innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Gert er ráð fyrir að endurskoðuð skólastefna muni liggja fyrir í apríl 2022.

Samhliða endurskoðun skólastefnunnar verður einnig unnið að undirbúningi fyrir hönnun á viðbyggingu eða nýbyggingu við leikskólann Araklett, en mikil þörf er fyrir aukið rými vegna þeirrar miklu fjölgunar sem verið hefur og áætlað er að verði á næstu árum í fjölda leikskólabarna á Patreksfirði. Þá er áætlað í langtímaáætlun 2023-2025 að mótuð verði framtíðarsýn í húsnaðismálum fyrir leik- og grunnskóla á Bíldudal, sem unnið verði samhliða undirbúningi ofanflóðaframkvæmda fyrir ofan þorpið.

### 4.1. Leikskólar í Vesturbyggð

Framlög til leiksskóla verða 176 millj. kr. en voru áætluð 146 millj. kr. í fjárhagsáætlun 2021. Áframhaldandi er rekstur leikskóladeildarinnar Kot undir Patreksskóla sem tók til starfa 2019. Áframhaldandi fjölgun barna er í Vesturbyggð og áætlað er að á leikskólanum Arakletti verði um 50 börn 2022 og á Tjarnarbrekku 11 börn. Áfram verður við það miðað að börn komist inn á leikskóla í Vesturbyggð við 14 mánaða aldur. Leikskólagjöld hækka um 2,5% í samræmi við aðrar gjaldskrárhækkanir hjá sveitarfélaginu.

### 4.2. Grunnskólar í Vesturbyggð


Framlög til grunnskóla Vesturbyggðar verða 371,8 millj. kr. í stað 311 millj. kr. á árinu 2021. Grunnskólaframlag Jöfnunarsjóðs hefur dregist verulega saman en framlagið hefur lækkað um 41% síðan 2018 á meðan kostnaður við rekstur grunnskóla hefur hækkað um um 13% á sama tímabili.





## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.



	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Grunnskólaframlag	93.100	101.523	111.994	150.446	127.466	99.174	86.412	94.207
Kostnaður við rekstur Grunnskóla*	233.479	258.563	278.911	300.420	317.821	341.086	339.310**	371.785

\*Ekki er hér tekið tillit til annars kostnaðar s.s. við mótuneyti, skólaakstur o.fl.

\*\* útkomuspá 2021

### 4.3. Tónlistarskóli Vesturbyggðar

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að framlög til tónlistarskólans í Vesturbyggð verði 35 millj. kr. á árinu 2022, en í áætlun 2021 var gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 35,6 millj. kr. Gjöld vegna tónlistarnáms hækka um 2,5% en gjöld vegna tónlistarnáms í Vesturbyggð eru mun lægri en hjá öðrum sveitarfélögum. Aukin aðsókn hefur verið í nám við tónlistarskólann. Skólinn býður upp á fjölbreytt nám á Bíldudal og Patreksfirði, m.a. í píanó, gítar, rafmagnsgítar, bassa, ukulele, fiðlu, flautu, klarinett, saxófón, trompet og básúnu. Þá sinnir tónlistarskólinn einnig forskólakennslu í leikskóladeild Patreksskóla og 1. bekk grunnskólanna.

## 5. Æskulýðs- og íþróttamál

Framlög til æskulýðs- og íþróttamála er annar stærsti málaflokkur sveitarfélagsins en heildarútgjöld að frádrögnum tekjum fyrir árið 2022 munu nema 146,6 millj. kr. Undir málaflokkinn fellur rekstur íþróttamiðstöðva, sundlauga, félagsmiðstöðva, vinnuskóli og stuðningur við íþróttafélög í



Vesturbyggð. Nýr íþrótt- og tómstundafulltrúi tók til starfa á árinu 2021 en hann starfar á grundvelli samstarfssamnings Vesturbyggðar, Tálknafjarðahrepps og HHF á sunnanverðum Vestfjörðum.

### 5.1. Félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvar í Vesturbyggð eru tvær, Dímon á Bíldudal og Vest-End á Patreksfirði. Félagsmiðstöðvarnar starfa 9 mánuði ársins, frá september til maí. Íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur yfirumsjón með félagsmiðstöðvum í Vesturbyggð sem og hjá Tálknafjarðahreppi.

### 5.2. Íþróttamannvirki

Vesturbyggð rekur tvö íþróttahús, Byltu á Bíldudal og Bröttuhlíð á Patreksfirði. Þónokkrar framkvæmdir hafa staðið yfir í húsunum tveimur á árinu 2021.

Í Bröttuhlíð var á árinu 2021 unnið að því að koma upp ókyngreindum búningsklefa, sem einnig mun nýtast fyrir þá sem þurfa að hafa með sér aðstoðarmenn m.a. vegna hreyfihömlunar. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir kaupum og uppsetningu á aðgangstýringakerfi fyrir þreksal í Bröttuhlíð sem mun auka þjónustu við íbúa. Þá er gert ráð fyrir endurnýjun á búnaði í þreksal og uppsetningu á krakkarennibraut við vaðlaug. Einnig eru fyrirhugaðar viðhaldsframkvæmdir vorið 2022 m.a. í búningsklefum.

Á árinu 2021 var tekið í notkun aðgangstýringakerfi í Byltu þar sem íbúar sem eiga árskort eiga þess kost að stunda hreyfingu utan hefðbundins opnunartíma og á þeim tíma sem hentar best hverjum og einum.

Í tengslum við vinnu við gerð aðalskipulags Vesturbyggðar til ársins 2035 er afmarkað svæði fyrir sundlaug eða vaðlaug á Bíldudal. Í fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir frekari hönnun og mati á mögulegum kostnaði við slíka uppbyggingu en áætlað er að sækja um styrk til verkefnisins til Fiskeldissjóðs á árinu 2022.

Almenn hækkun á gjaldskrá íþróttamiðstöðva er 2,5% og eru íbúar hvattir til að nýta sé þann kost að kaupa tímakort eða árskort sem í boði eru á hagstæðu verði.

Vesturbyggð rekur tvo íþróttavelli, Völuvöll í Bíldudal og Vatneyrarvöll á Patreksfirði. Á árinu 2021 var unnið í að klæða stöðvarhús á Völuvelli en ekki tókst að ljúka þeim framkvæmdum á árinu en áætlað er að þeim ljúki á árinu 2022.

### 5.3. Styrkir og framlög til íþróttamála

Vesturbyggð rekur íþróttaskóla í samstarfi við Tálknafjarðahrepp og HHF og nema framlög Vesturbyggðar til skólans samtals 5,2 millj. kr. á árinu 2022. Þá sér íþrótt- og æskulýðsfulltrúi um



starfsemi Íþróttaskólans sem og heldur utan um verkefni sem snúa að félagsmiðstöðvum og almenningsamgöngum í samstarfi sveitarfélugganna tveggja.

## 6. Menningar- og safnamál

Fjárhagsáætlunin 2022 gerir ráð fyrir að heildarútgjöld að frátöldum tekjum vegna menningarmála verði 57,8 millj. kr. Menningarmálin eru dreifð eftir einstaka málaflokkum undir fjölskyldusvið, fjármála- og stjórnsýslusvið og umhverfis- og framkvæmdasvið.

### 6.1. Bókasöfn í Vesturbyggð

Framlög til bókasafna á Patreksfirði og Bíldudal verða 12 millj. kr. Bókasöfnin eru rekin undir einum forstöðumanni sem heldur utan um öll innkaup á bókakosti fyrir bókasöfnin. Þann 1. október 2022 opnaði Muggsstofa, samfélags- og nýsköpunarmiðstöð á Bíldudal formlega þar sem starfsemi bókasafns Bílddælinga fer nú fram. Einnig hefur verið í boði þjónusta bókasafnsins fyrir íbúa á Barðaströnd sem geta pantað og nálgast bækur í Birkimel.

### 6.2. Skjaldborgarbíó

Skjaldborgarbíó er mikilvægur þáttur í menningarlífi Vesturbyggðar og er ástæða til að þakka Lionsmönnum á Patreksfirði fyrir þá miklu og góðu vinnu sem þeir hafa lagt til starfsemi bíósins á árinu. Starfsemi Skjaldborgarbíós var skert fyrri hluta ársins 2021 vegna samkomutakmarkana og þá var Skjaldborgarhátíðinni 2021 aflýst vegna Covid-19.

### 6.3. Félagsheimili í Vesturbyggð

Vesturbyggð rekur þrjú félagsheimili, félagsheimili Patreksfjarðar, Baldurshaga og Birkimel. Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir áframhaldandi viðhaldsverkefnum. Málafni félagsheimila í Vesturbyggð heyra undir umhverfis- og framkvæmdasvið. Rekstrarkostnaður þessara mikilvægu menningarbygginga er mjög hár, enda um að ræða stórar byggingar sem komnar eru til ára sinna. Tekjur hafa því miður ekki náð að standa undir rekstri þeirra síðustu ár. Félagsheimilin gegna mikilvægu hlutverki í menningarstarfi og félagsstarfsemi innan sveitarfélagsins. Það er því mikilvægt að unnt sé að reka félagsheimilin með þeim hætti að tekjur af þeim standi undir rekstrarkostnaði þeirra. Gjaldskrá félagsheimilanna hækka um 2,5% og á árinu 2022 eru áætluð framlög til ýmissa viðhaldsverkefna í öllum þremur félagsheimilinum.

### 6.4. Vatneyrabúð á Patreksfirði

Á árinu 2020 hófust framkvæmdir við Aðalstræti 1, á Patreksfirði sem almennt er nefnd Vatneyrabúð og hafa framkvæmdir staðið yfir á árinu 2021. Ekki tókst að ljúka framkvæmdum á árinu 2021, en samkvæmt fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir rúmlega 23 millj. kr. framlagi til að ljúka framkvæmdum, þannig að starfsemi geti hafist í húsinu í einhverjum áföngum fyrir lok árs 2022. Þá verður munum sem tilheyrir húsinu komið upp í áföngum en ráðinn hefur verið verkefnastjóri hjá Minjasafni Egils Ólafssonar á Hnjóti til að ljúka við skráningu og flokkun munanna með styrk frá



Safnasjóði. Í húsinu verður safnmunum hússins gerð skil og þá er fyrirhugað að starfsemi samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvar fari þar fram ásamt því að stofnunum og aðilum sem standa að Þróunarsetrinu Skor bjóðist þar aðstaða. Lögð verður áhersla á að þar verði aðstaða til sköpunar og frumkvöðlastarfs sem og aðstaða vegna starfa án staðsetningar, aðstaða fyrir frumkvöðla vegna nýsköpunarverkefna og fyrir nemendur í rannsóknarverkefnum eða í fjarnámi á háskólastigi. Þannig verði þetta sögufræga hús í Vesturbyggð gætt lífi á nýjan leik. Á árinu 2022 verður einnig unnið að útfærslu og hönnun til að bæta aðgengi að þessu friðlýsta húsi í samvinnu við Minjastofnun, með stuðningi vegna úrbóta í aðgengismálum fyrir fatlað fólk.

### 6.5. Muggsstofa á Bíldudal

Þann 1. október 2021 var Muggsstofa á Bíldudal opnuð. Muggsstofa er samfélags- og nýsköpunarmiðstöð á Bíldudal sem er samstarfsverkefni áhugamannafélags um Skrímslasetur á Bíldudal og Vesturbyggðar. Þar fer fram fjölbreytt starf og þjónusta ásamt því að þar er aðstaða til sköpunar og frumkvöðlastarfs. Í miðstöðinni fer fram starfsemi bókasafnsins og félagsstarf aldraðra, en lögð er rík áhersla á að efla félagstarf aldraðra, með fjölgun viðburða, námskeiða og fl. Forstöðumaður Muggsstofu sem einnig er menningar- og ferðamálafulltrúi Vesturbyggðar tók til starfa fyrri hluta árs 2021. Menningar- og ferðamálafulltrúi hefur m.a. komið að undirbúningi og aðstoð fyrir Kvikmyndahátíðina Skjaldborg, Sjómannadaginn á Patreksfirði, Bíldudals grænar, Patreksdaginn og fleiri menningar- og ferðamatengdum verkefnum. Á árinu 2021 hefur verið í vinnslu stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Vesturbyggð og er það verkefni unnið í samstarfi við Vestfjarðastofu. Áætlað er að afrakstur þeirrar stefnumótunar verði kynntur á árinu 2022. Þá var lokið við endurskoðun á áfangastaðaáætlun Vestfjarða á árinu 2021. Áætlað er að nokkur fjölgun ferðamanna verði í Vesturbyggð sumarið 2022, vegna tilnefningar Lonely Planet þar sem Vestfirðir eru í 1. sæti yfir landsvæði sem mælt er með að fólk heimsæki á árinu 2022.

### 6.6. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti

Veitt er framlag til Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti, sem Vesturbyggð rekur ásamt Tálknafjarðahrepp. Starfsemi safnsins gekk vel á árinu 2021 og var met í fjölda gesta á safnið sumarið 2021. Framlög Vesturbyggðar til safnsins nema samtals 12 millj. kr. á árinu 2022.

### 6.7. Styrkir og framlög

Menningar- og ferðamálaráð veitti 9 styrki til menningar- og ferðamála í Vesturbyggð á árinu 2021, samtals 846.800 kr. Þá voru endurskoðaðar reglur ráðsins um úthlutun styrkja og staðfesti bæjarstjórn Vesturbyggðar reglurnar á 364. fundi þann 20. október 2021.

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir styrkjum vegna hátíðarhalda í samræmi við samstarfssamninga, s.s. Bíldudalsgrænar baunir, Sjómannadagurinn á Patreksfirði og Skjaldborgarhátíð, þar sem gert er ráð fyrir árlegu framlagi Vesturbyggðar til hátíðanna. Hátíðarhöld tóku mið af samkomutakmörkunum á árinu 2021 og var Skjaldborgarhátíðinni aflýst á árinu 2021. Skjaldborgarhátíðin hlaut Eyrarrósina



2020 og fór því afhending Eyrarrósarinnar 2021 fram á Patreksfirði. Eliza Reid forsetafrú og verndari Eyrarrósarinnar afhenti viðurkenninguna 16. maí 2021 í Skjaldborgarbíó og hlaut Handbendi brúðuleikhús á Hvammstanga viðurkenninguna.

## 7. Brunamál og almannavarnir

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna að frátöldum tekjum munu nema 51,6 millj. kr. á árinu 2022 en voru samkvæmt fjárhagsáætlun 2021 áætluð 39 millj. kr. Framlöggin hækka því nokkuð á milli ára.

### 7.1. Slökkvilið

Vesturbyggð í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Tálknafjarðahrepp vann á árinu 2020 í samráði við Ráðrík ráðgjafafyrirtæki könnun á fýsileika þess að sameina slökkvilið og sjúkraflutninga á sunnanverðum Vestfjörðum. Skýrslan var rædd fyrri hluta árs 2021 og voru bæjarstjórn Vesturbyggðar og sveitarstjórn Tálknafjarðahrepps sammála um að ekki yrði farið í sameiningu slökkviliðs og sjúkraflutninga á sunnanverðum Vestfjörðum að svo stöddu. Þá var á árinu 2021 hafinn undirbúningur sameiginlegrar stefnu sveitarfélaganna um brunavarnir á sunnanverðum Vestfjörðum og til skoðunar er undirbúningur fyrir stofnun byggðasamlags fyrir brunavarnir á sunnanverðum Vestfjörðum. Þá var undirrituð 9. nóvember 2021 viljayfirlýsing um undirbúning byggingar björgunarmiðstöðvar á Patreksfirði, þar sem gert er ráð fyrir að búnaður og aðstaða verði fyrir slökkvilið Vesturbyggðar á Patreksfirði, Björgunarsveitina Blakk og sjúkrabíla Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir framlagi til greiðslu bakvakta um helgar og er það fyrsta skrefið í að uppfylla skyldur sveitarfélaganna um bakvakt stjórnanda skv. reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018. Áætlað að skrefið verði svo stigið til fulls á árinu 2023.

Þá er í fjárhagsáætlun 2021 gert ráð fyrir framlagi til kaupa á slökkviliðsbifreið á Bíldudal en bæjarráð Vesturbyggðar samþykkti á 930. fundi sínum 2. nóvember 2021 að taka þátt í sameiginlegu útboði á slökkvibílum á vegnum Ríkiskaupa. Vonir standa til að ný slökkviliðsbifreið verði afhent á árinu 2023.

### 7.2. Almennavarnir

Almannavarnarnefnd á sunnanverðum Vestfjörðum fundaði tvisvar á árinu 2021. Nefndin hefur haft til skoðunar undirbúning við vinnslu hópslysaáætlunar og einnig hefur á árinu 2021 staðið yfir undirbúningur á hópslysaæfingu, þar sem æfa átti viðbrögð við rútuslysi sem stóð til að færi fram haustið 2021 en var frestað vegna covid-19 og áætlað er að æfingin fari fram vorið 2022. Áætlað framlag til æfingarinnar á árinu 2022 eru 500.000 kr. Framkvæmdum við ofanflóðavarnir við Urðir, Mýrar og Hóla miðar ágætlega, en Suðurverk hefur séð um framkvæmd verksins fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins og Vesturbyggðar. Tæplega 60% verksins er lokið og er áætlaður kostnaður Vesturbyggðar við framkvæmdina á árinu 2022 um 55 millj. kr. Þá er í fjárhagsáætlun 2022, gert ráð fyrir lántöku hjá Ofanflóðasjóði að fjárhæð 55 millj. kr. Í janúar 2021 var lokaskýrsla frumathugunar



2. áfanga ofanflóðavarna á Bíldudal, þvergarður neðan Stekkjargils/Gilsbakkagils og Milligils lögð fyrir bæjarráð Vesturbyggðar og skipulags- og umhverfisráð. Náttúrustofa Vestfjarða vinnur nú fornleifarannsóknir og mat á umhverfisáhrifum í samráði við framkvæmdasýslu ríkisins.

## 8. Umhverfis- og framkvæmdasvið

Meginverkefni umhverfis- og framkvæmdasviðs er yfirumsjón með nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum á vegum sveitarfélagsins, rekstur og viðhald veitukerfa, umhverfis- og hreinlætismál sem og umsjón með eignasjóði, þ.m.t. eignum í eigu Fasteigna Vesturbyggðar. Einnig heyrir undir sviðið umsjón vegna dýrahalds innan sveitarfélagsins sem og meindýravarnir. Þá heyrar þjónustumiðstöðvar/áholdahús og málefni félagsheimila Vesturbyggðar undir sviðið.

### 8.1. Landbúnaðarmál, fjallskil o.fl.

Á árinu 2022 er lagt á öll lönd í Vesturbyggð gjald sem nemur 2% af landverði allra jarða í samræmi við ákvæði laga um fjallskil, afréttarmálefni o.fl. og eru tekjur í fjallskilasjóð áætlaðar samtals 865 þ. kr.

### 8.2. Refa- og minkaeyðing

Á árinu 2020 var endurnýjaður samningur Vesturbyggðar við Umhverfisstofnun um refaveiðar. Markmið samningsins er að hafa yfirsýn yfir þær aðgerðir sem þarf til að stemma stigu við fjölgun refa og draga úr tjóni af þeirra völdum, sem og skapa fyrirsjáanleika varðandi endurgreiðslur ríkissjóðs vegna refaveiða innan Vesturbyggðar. Samningurinn gildir til 31. desember 2022. Auglýst var eftir aðilum til grenjaleitar og grenjavinnslu í Vesturbyggð og var gengið frá samningum við 7 aðila. Áætlaður heildarkostnaður vegna refa- og minkaveiði er 2,3 millj. kr. á árinu 2022. Þá hefur Vesturbyggð gert samninga við aðila um minkagildir sem og eyðingu minks í sveitarfélaginu.

### 8.3. Heilbrigðis- og dýraeftirlit

Innan málaflökks heilbrigðismála er heilbrigðiseftirlit vegna eftirlits og sýnatöku á vegum Heilbrigðisnefnda Vestfjarða. Þá er innan málflokksins dýraeftirlit, þ.e. hunda- og kattahald í Vesturbyggð. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá fyrir skáningu katta- og hunda sem og gjald vegna föngunar þeirra hækki í samræmi við almennar gjaldskrárhækkanir og hækka um 2,5% milli ára. Þá hækkar framlag Vesturbyggðar til heilbrigðiseftirlist Vestfjarða úr 6,8 millj. kr. í 8. millj. kr. á árinu 2022.

### 8.4. Umhverfismál

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaður vegna umhverfismála verði 33,8 millj. kr. á næsta ári. Mikil áhersla hefur verið lögð á umhverfismál og fegrun umhverfis sveitarfélagsins á síðustu árum. Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir framlögum til að bregðast við mörgum þeim ábendingum sem komið hafa fram hjá íbúum. Á árinu 2021 var áttak í malbikun gatna og einnig var haldið áfram við að steypa gangstéttar á Patreksfirði og Bíldudal. Á árinu 2022 er áætluð áframhaldandi vinna við gangstéttar og snyrtingu svæða í þéttbýli. Íbúar og rekstraraðilar eru svo áfram hvattir til að huga vel



að umhverfi sínu, görðum og húsum sem og að senda sveitarfélaginu ábendingar um það sem betur má fara. Heildarkostnaður við umferðar- og samgöngumál á árinu 2022 er áætlaður 66,9 millj. kr.

### 8.5. Þjónustumiðstöðvar/áhaldaþús

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir neikvæðri afkomu þjónustumiðstöðva, þ.e. áhaldahússins á Patreksfirði og Bíldudal. Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir framlagi fyrir húsnæði sem hýsa mun starfsemi áhaldahúss á Bíldudal. Mikil vinna var á herðum starfsmanna áhaldahússins í tengslum við malbikunarframkvæmdir á árinu 2021 og einnig vegna framkvæmda við vatnsveitu, sérstaklega á Bíldudal. Á árinu 2021 var tekið í notkun nýtt lokuhús og ný aðalögn sem leysti af hólmi eldri lögn. Þá var farið í endurnýjun lagna vatnsveitu á Bíldudal áður en farið var í malbikunarframkvæmdir.

### 8.6. Hreinlætismál

Heildarútgjöld vegna hreinlætismála að frádregnum tekjum verða 22,8 millj. kr. en tekjur eru áætlaðar 39,5 millj. kr. á árinu 2022. Undir málaflokkinn fellur m.a. sorphirða og sorpeyðing. Sumarið 2021 var sorphirða og sorpeyðing á sunnanverðum Vestfjörðum boðin út til næstu fjögurra ára. Þrjú tilboð bárust í verkið og ákvað bæjarstjórn á 362. fundi sínum 18. ágúst 2021 að taka tilboði frá Kubb ehf. Samningur við Kubb ehf. var undirritaður af hálfu Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps í september 2021. Þónokkrar breytingar verða á sorphirðu og sorpeyðingu í Vesturbyggð og þá er þjónusta aukin nokkuð. Endurskoðun á samþykkt um meðhöndlun úrgangs var einnig unnin á árinu 2021 og staðfesti bæjarstjórn samþykktina á 366. fundi sínum 15. desember 2021 ásamt nýrri gjaldskrá. Breytingar á sorphirðu og sorpeyðingu taka m.a. mið af breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs, sem taka gildi 1. janúar 2023. Þannig verður fjölgað þeim flokkum endurvinnanlegs efnis sem sótt verður að heimilum í sveitarfélaginu og þá hefst söfnun á lífrænum úrgangi í þéttbýli. Með þessum breytingum í skipulagi úrgangsmála, mun Vesturbyggð verða meðal þeirra fremstu í meðferð úrgangsflokka til endurnýtingar og tekur þannig jákvæð skref í átt að kolefnisjöfnuði til framtíðar. Samhliða aukinni þjónustu og breytinga í löggjöf um meðhöndlun úrgangs er áætlað að kostnaður við sorphirðu og sorpeyðingu muni aukast á næstu árum. Vesturbyggð hefur greitt árlega með málaflokknum eða samtals 12,8 millj. kr. á árinu 2021. Með gildistöku laga nr. 103/2021 um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs verður Vesturbyggð frá 1. janúar 2023 óheimilt að greiða með málaflokknum og þá skylt er að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, svo sem með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs.

Í gjaldskrá um sorphirðu og sorpeyðingu í Vesturbyggð er því lagt til að einfalda gjaldtökuna. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir 30% hækkun á sorphirðugjaldi og 10% hækkun á sorpeyðingagjaldi á milli ára. Þegar frekari reynsla er komin á framkvæmdina á árinu 2022 með þeim breytingum sem gert var ráð fyrir í útboðinu þarf að endurmeta gjaldtökuna og framkvæmd hennar til samræmis við lagalegar kröfur á árinu 2023.



Þá er á árinu 2022 gert ráð fyrir undirbúningi þess að móttökusvæði sorps á Patreksfirði verði flutt af núverandi svæði á Vatneyri og aðstaða byggð upp á Engjunum fyrir utan Mýrar. Samkvæmt aðalskipulagi Vesturbyggðar til 2035 er á því svæði gert ráð fyrir athafnarsvæði. Á svæðinu verða útbúnar jarðvegsmánir í kringum nýtt móttökusvæði fyrir sorp og skipulagt geymslusvæði. Þá verður einnig unnið að því á árinu 2022 að koma upp betri aðstöðu fyrir móttökusvæði sorps á Bíldudal, við Járnhól í Bíldudal. Bæjarstjórn Vesturbyggðar bindur miklar vonir við nýjan samning um meðhöndlun úrgagns og stórbætt fyrirkomulag sorpflokkunar við heimili í sveitarfélaginu. Íbúar gegna þar lykilhlutverki, þar sem því duglegri sem allir eru að flokka þann úrgang sem fellur til, þeim mun meiri líkur eru á að ná megi betri böndum á þann kostnað sem málaflokkurinn hefur í för með sér.

### 8.7. Eignasjóður

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að afkoma eignasjóðs og áhaldahús verði neikvæð um 6,2 millj. kr. Áhersla er á viðhald eigna í eigu Vesturbyggðar og ekki gert ráð fyrir sölu eigna á árinu 2022.

### 8.8. Framkvæmdir

#### *Ofanflóðavarnir Patreksfirði*

Á Patreksfirði standa yfir framkvæmdir við að reisa tvo varnargarða sem staðsettir eru fyrir ofan byggð. Annars vegar leiðigarður sem leiðir flóð framhjá byggð ofan Hóla og Mýra, svokallaður Mýrargarður sem er um 550 metra langur og verður hæð hans á bilinu 5-11 metrar. Hinsvegar þvergarður með leiðigarðshluta sem staðsettur er fyrir ofan Urðargötu og Aðalstræti, svokallaður Urðargarður. Hann verður um 600 metra langur og hæð hans á bilinu 8-13,5m og mun hann tengjast núverandi ofanflóðavörnum fyrir ofan Patreksskóla og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Ofanflóðavarnirnar munu auka verulega öryggi íbúa á Patreksfirði, sérstaklega íbúa á Hólum, Mýrum og Urðargötu, þar sem ekki er óalgengt að rýma þurfi hús á veturna. Heildarkostnaður við framkvæmdina eru tæpur 1,3 milljarðar króna. Framkvæmdir hófust vorið 2020 og verða unnar í áföngum næstu árin en á að vera að fullu lokið 1. desember 2023.

#### *Ofanflóðavarnir Bíldudal*

Náttúrustofa Vestfjarða vinnur nú fornleifarannsóknir og mat á umhverfisáhrifum í samráði við framkvæmdasýslu ríkisins á grundvelli lokaskýrslu um frumathugun á ofanflóðavörnum á Bíldudal. Þar er gert ráð fyrir þvergörðum og grindum fyrir ofan byggðina. Þeir þvergarðar sem gert er ráð fyrir að muni rísa eru frá 4 upp í 14 metrar á hæð og munu geta tekið við aurskriðum, grjóti, snjó og krapaflóðum. Ofanflóðavarnirnar munu auka verulega öryggi íbúa á Bíldudal. Horfið var frá áformum um nýbyggingar við Lönguhlíð vegna endurmats á því hættumati sem unnið verður vegna varnargarðsins við Búðagil í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri í upphafi árs 2020.





### *Gangstéttar og kantsteinar*

Á árinu 2022 verður áhersla lögð á fegrun umhverfis í sveitarfélaginu. Áfram verður unnið í að steypa gangstéttar og kantsteina ásamt því að bæta umferðarmerkingar í þéttbýli. Á árinu 2022 er svo ráðgert að hámarkshraði í þéttbýli þar sem er 35 km hámarkshraði er, fari niður í 30 km. hámarkshraða.

### *Tjaldstæði á Patreksfirði og Bíldudal*

Nýtt salernishús var sett upp við tjaldstæðið á Bíldudal sumarið 2021. Þá er á árinu 2022 gert ráð fyrir framlagi til að skipuleggja og undirbúa nýtt tjaldstæði á Bíldudal á svæðinu í kringum Lönguhlíð 20. Þá er gert ráð fyrir framlagi til hönnunar á útisvæði á tjaldstæðinu á Patreksfirði og aðstaða utandyra verði bætt. Heildarframlög til tjaldstæða á árinu 2022 eru 5,5 millj. kr. á árinu 2022.

### *Undirbúningur fyrir frekari malbikun*

Á árinu 2022 verður unnið í því að undirbúa götur undir frekari malbikun og verður unnið í endurnýjun lagna í vatns- og fráveitu. Áætlað er að malbikun þeirra gatna verði lokið á árinu 2023. Þá er áhersla á frágang og snyrtingu í kringum þær götur og svæði sem lokið var við að malbika 2021.

## 8.9. Veitur Vesturbyggðar

### *Vatnsveita*

Gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun að tekjur vatnsveitna verði 49,1 millj. kr. og útgjöld 40,9 millj. kr. Verulegar viðhaldsframkvæmdir urðu á árinu 2021 og er skv. fjárhagsáætlun gert ráð fyrir áframhaldandi endurnýjun lagna í vatnsveitu á Patreksfirði og Bíldudal.

### *Fráveita*

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að tekjur frá fráveitu verði 36,7 millj. kr. en heildargjöld vegna fráveitu eru áætluð 26,2 millj. kr. Á árinu 2021 hefur Verkís unnið að samantekt á framtíðarkostum vegna hreinsunar í fráveitu og áætlun um kostnað við slíkar aðgerðir sem kynnt verður á árinu 2022.

## 8.10. Fasteignir Vesturbyggðar

Á árinu 2022 verður lokið við að skilgreina leiguíbúðir félagsins við Aðalstræti 8 á Kambi, sem íbúðir fyrir eldri borgara og settar verða reglur um útleigu íbúðanna. Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að leiguverð á fermeter hækki úr 1.221 kr. í 1.466 kr. Leiguverð á almennum markaði í sveitarfélaginu hefur hækkað verulega síðustu ár og hefur leiguverð hjá Fasteignum Vesturbyggðar dregist nokkuð aftur úr þeirri þróun, þrátt fyrir hóflegar hækkunir síðustu ár. Hækkun leiguverðs á árinu 2022 tekur því mið af þeim breytingum sem orðið hafa á markaðsaðstæðum í sveitarfélaginu og draga úr þeim áhrifum að sveitarfélagið haldi niðri leiguverði. Á árinu 2021 var staðfestur afsláttur á Kambi, Aðalstræti 4 til leigutaka sem eru 65 ára og eldri sem nemur 15%. Þá er á árinu 2022 gert ráð fyrir nokkrum viðhaldsverkefnum við Aðalstræti 4.



## 9. Fjármála- og stjórnsýslusvið

Meginverkefni sviðsins er almenn þjónusta við íbúa, fyrirtæki og eigin starfsmenn og stofnanir. Umsjón með starfsmanna- og launamálum, skjalastjórnun og -varsla, bókhald, áætlanagerð, innheimta, greiðsla krafna og önnur umsjón fjármála, tölvu- og hugbúnaðarumsýsla og umsjón með vefsíðu sveitarfélagsins. Undir sviðið falla einnig menningarmál, ferðamál og atvinnumál. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs er fjármálastjóri sveitarfélagsins og staðgengill bæjarstjóra.

### 9.1. Stjórnsýsla, gæðamál og þjónusta

Stöðug og regluleg vinna er innan sviðsins við að uppfæra reglubundið reglur og vinnuferla sveitarfélagsins, með það að markmiði að hverju sinni séu endurspegladur þeir starfshættir og stjórnsýsla sem fer fram á vegum Vesturbyggðar.

Unnið hefur verið markvisst að því að auka yfirsýn þeirra mála sem koma til afgreiðslu sveitarfélagsins, en heildarfjöldi erinda sem berast sveitarfélaginu árlega eru um 1.500 talsins. Þá var áfram á árinu unnið í flokkun óvirkra skjala, skráningu og þökkun í samræmi við skjalavistunaráætlun sveitarfélagsins.

Þá hefur aukist þungi í málum er varða upplýsingabeirni á grundvelli upplýsingalaga og stjórnsýslulaga.

### 9.2. Mannauðs- og kjaramál

#### *Jafnlaunavottun*

Vesturbyggð hlaut jafnlaunavottun í september 2020, þar sem staðfest var að jafnlaunakerfi sveitarfélagsins samræmist kröfum Jafnlaunastaðalsins ÍST85:2012. Með innleiðingu jafnlaunavottunar hjá Vesturbyggð í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 hefur sveitarfélagið komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. BSI group (British Standards Institution) framkvæmdi úttektir og vottaði jafnlaunakerfi sveitarfélagsins á árinu 2021.

Þann 14. október 2021 hlaut Vesturbyggð viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA á árinu 2021, en hún er veitt fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum sem hafa hlutfall kynja í stjórnun og nefndum 40/60 fyrir árið 2027. Verkefnið er þáttur í því að vekja fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög til umhugsunar um virði fjölbreytileika og jafnvægis með auknum jöfnuði kynja í stjórnunarstöðum.

#### *Kjarasamningar*

Aukinn þungi hefur verið í vinnslu verkefna er tengjast kjarasamningum, en margir nýir kjarasamningar hafa nú tekið gildi. Á árinu 2021 var unnið að innleiðingu styttingar vinnuvikunnar hjá dagvinnu- og vaktavinnufólki hjá Vesturbyggð. Sveitarfélagið nálgast verkefnið út frá þeim þáttum að stytting vinnuvikunnar hafi ekki áhrif á þjónustu sveitarfélagsins og með það að markmiði að styttingin feli ekki í sér aukinn kostnað. Áfram verður unnið að útfærslu á styttingu vinnuvikunnar hjá



starfsmönnum Vesturbyggðar á árinu 2022, en líklegt má telja að það muni hafa í för með sé aukinn kostnað.

### 9.3. Upplýsingatæknimál og persónuvernd

#### *Upplýsingatæknimál*

Á árinu 2021 var lögð áhersla á eflingu öryggis- og rekstrarþjónustu útstöðva sveitarfélagsins. Markmið verkefnisins er að auka enn frekar örugga meðferð gagna á vegum sveitarfélagsins og verja sveitarfélagið enn betur fyrir öryggisbrestum og netárásum.

#### *Persónuvernd*

Innleiðing persónuverndarstefnunnar heldur áfram á árinu 2022, þar sem m.a. eru yfirfarnir verkferlar og vinnslusamningar vegna söfnunar og vinnslu persónuupplýsinga fyrir mismunandi hópa einstaklinga. Lögð er rík áhersla á að meðferð persónuupplýsinga sé í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf á hverjum tíma. Dattaca Labs aðstoðaðar Vesturbyggð við innleiðinguna.

### 9.4. Upplýsinga- og kynningarmál

#### *Upplýsingastefna*

Í lok árs 2020 hófst undirbúningur við vinnslu upplýsingastefnu Vesturbyggðar. Markmið stefnunnar er að tryggja gagnsæi í stjórnýslu sveitarfélagsins, þannig að allir sem hagsmuna eiga að gæta hafi greiðan aðgang að upplýsingum um starfsemi Vesturbyggðar. Markviss miðlun upplýsinga og skýr viðmið um svörun erinda auðvelda aðhald að stjórnýslunni, efla skilvirkt samstarf starfsmanna, bæta flutning fréttu af starfsemi sveitarfélagsins og gera íbúum kleift að vera virkir þátttakendur í íbúalýðræði. Bæjarstjórn Vesturbyggðar staðfesti upplýsingastefnuna á 363. fundi sínum 15. september 2021 og er hún aðgengileg á heimasíðu Vesturbyggðar.

#### *Heimasíðan – vesturbyggd.is*

Heimasíða Vesturbyggðar gegnir mikilvægu hlutverki fyrir sveitarfélagið til að koma á framfæri fljótt og örugglega upplýsingum til íbúa sveitarfélagsins. Fleiri teikningar eftir Veru Voishvilo litu dagsins ljós á árinu 2021 sem sýna helstu staði og kennileiti sveitarfélagsins. Á árinu 2022 verður lokið við hönnun og uppsetningu heimasíða fyrir skólastofnanir sveitarfélagsins, til að auka betur miðlun upplýsinga um starfsemi skóla í sveitarfélaginu. Þá var á þjóðhátíðardegi Póllands, þann 11. nóvember 2021, formlega birt pólsk þýðing heimasíðu Vesturbyggðar. Á árinu 2022 er áætlað að ljúka við enska þýðingu síðunnar.

### 9.5 Atvinnumál

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir framlögum til Markaðsstofu Vestfjarða í gegnum framlag sveitarfélagsins til Vestfjarðastofu. Á árinu 2022 eru tveir starfsmenn Vestfjarðastofu með aðsetur á Patreksfirði. Mikilvægt er fyrir alla nærþjónustu landshlutasamtaka við íbúa, sveitarfélagið og atvinnulíf á sunnanverðum Vestfjörðum að hafa starfsmenn Vestfjarðastofu staðsetta á svæðinu.



Einnig er það ákaflega mikilvægur þáttur í aukinni og góðri samvinnu á milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða.

## 10. Hafnir Vesturbyggðar

### 10.1. Almennt um hafnasjóð Vesturbyggðar

Hafna- og atvinnuáráð hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafna í Vesturbyggð. Hafnir í Vesturbyggð eru fjórar, Patrekshöfn, Bíldudalshöfn, Brjánslækjarhöfn og Örlygshöfn. Hlutverk hafna í Vesturbyggð er að þjónusta fyrirtæki með haftengda starfsemi í samræmi við ákvæði hafnalaga nr. 61/2003.

Heildartekjur hafnasjóðs hækka umtalsvert á milli ára og eru áætlaðar 282,2 millj. kr. en gjöld eru áætluð 171,6 millj. kr. Rekstur hafnasjóðs er því áætlaður jákvæður upp á 110,6 millj. kr. á árinu 2022. Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að almenn verðlagshækkun á gjaldskrá hafnasjóðs verði 4 %.

Betri afkomu hafnasjóðs má meðal annars rekja til aukinna umsvifa í fiskeldi, en mikil aukning hefur verið á magni eldisfisks sem landað er á Bíldudalshöfn til slátrunar og vinnslu og fjölgun skemmtiferðaskipa.

Ágreiningur hefur verið um útreikning aflagjalda af eldisfiski og hefur sveitarfélagið unnið markvisst í því að fá gjaldtökuheimild hafnalaga nr. 31/2006 breytt, svo gjaldtökugrundvöllur hafnasjóðs fyrir töku gjalds af eldisfiski sé skýr.

Komu skemmtiferðaskipa fækkaði verulega á árinu 2021, en áætlað er að koma skemmtiferðaskipa til Patekshafnar muni aukast á árinu 2022. Þá var í nóvember 2021 aðild Patrekshafnar að Cruise Europe staðfest.

### 10.2. Framkvæmdir við hafnamannvirki

Bíldudalshöfn og Patrekshöfn eru handhafar Bláfánans sem er alþjóðleg umhverfissvottun sem veitt er smábátahöfnum, baðströndum og þjónustuaðilum í sjávarferðamennsku fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum, en meginmarkmið verkefnisins er að vernda lífríki haf- og strandsvæða, draga úr umhverfisáhrifum, bæta öryggi og efla umhverfisvitund.

Stórframkvæmdir stóðu yfir við Bíldudalshöfn á árinu 2021 þar sem tengdur var stórskipakantur og hafskipakantur ásamt endurbyggingu hafskipabryggju. Á árinu 2022 verður lokið við hafnarframkvæmdir við Bíldudalshöfn og steipt þekja. Heildarkostnaður er áætlaður 80 millj. kr. og veitir hafnabótasjóður 53 millj. kr. framlag til framkvæmdarinnar á árinu 2022.

Á árinu 2021 var unnið að landfyllingu við hafnarsvæði á Bíldudal, en Vesturbyggð fékk úthlutað sérstakri fjárveitingu til verksins í gegnum sérstakt fjárfestingaáttak ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19. Á árinu 2022 verður lokið við deiliskipulag svæðisins og lóðir auglýstar til úthlutunar á svæðinu.



Í samgönguáætlun gert ráð fyrir rannsóknum vegna athugunar við gerð hafskipakants við Patrekshöfn og er gert ráð fyrir að heildarkostnaður við þær rannsóknir verði 9 millj. kr. og leggur hafnasjóður Vesturbyggðar 3,6 millj. kr. framlag til rannsókna.

Á Brjánslækjarhöfn er gert ráð fyrir framkvæmdum við smábátaaðstöðu norðan við höfnina, 140 m. hafnargarður og færslu á flotbryggju. Framkvæmdinni er ætlað að styðja við hafsækna starfsemi við höfnina sem og bættu aðstöðu fyrir smábáta og ferðapjónustu. Framlag til framkvæmdanna er veitt úr Hafnarbótasjóði skv. þingsályktun um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að fegra umhverfi hafnasvæða í Vesturbyggð og þrátt fyrir að ásýnd hafi batnað nokkuð þá er enn nokkuð í land að ástandið teljist viðunandi. Notendur hafnanna og rekstraraðilar á hafnarsvæðum í Vesturbyggð eru hvattir til að huga betur að umhverfi sínu og verður því fylgt eftir á árinu 2022.

Þá er lagt til í fjárhagsáætlun 2022, að Verbúðin við Oddeyrargötu á Patreksfirði verði auglýst að nýju til sölu á árinu. Áhersla er lögð á að fá tilboð í eignina, þar sem framtíðaruppbyggingu og notkun hússins verði gerð skýr skil.

## 11. Skipulags- og byggingamál

Áfram er gert ráð fyrir að þjónusta skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins verði keypt í verktöku og áfram verði byggingafulltrúi í 50% starfi hjá Vesturbyggð. Heildarkostnaður vegna skipulags- og byggingamála er áætlaður 48,8 millj. kr. á árinu 2022 en heildartekjur eru áætlaðar 5,6 millj. kr.

### 11.1. Skipulagsmál

Málum er snúa að breytingum á aðalskipulagi og deiliskipulagi innan sveitarfélagsins hefur fjölgað nokkuð og umfang þeirra aukist í takti við aukin umsvif innan sveitarfélagsins. Vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags í Vesturbyggð lauk á árinu 2021. Meginástæður endurskoðunarinnar var að skipulagstímabil núgildandi aðalskipulags var að ljúka, ný ákvæði skipulagslaga og reglugerðir hafa tekið gildi, landsskipulagsstefna hefur verið staðfest og þá hefur orðið mikil uppbygging í sveitarfélaginu og breytingar í samgöngukerfi sem kallar á nýja stefnumótun varðandi skipulag sveitarfélagsins. Við endurskoðunina er einnig litið til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þeim forgangsraðað innan tiltekinna málaflokka aðalskipulagsins. Tillaga að aðalskipulaginu var auglýst með athugasemdafresti til 24. júní 2021, fimm athugasemdir bárust sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni. Aðalskipulag 2018-2035 var samþykkt á 363. fundi bæjarstjórnar þann 15. september 2021 og voru uppfærð gögn staðfest af hálfu bæjarstjórnar á 365. fundi 25. nóvember 2021 og staðfest var af Skipulagsstofnun 10. desember 2021. Þá er í fjárhagsáætlun 2022 gert ráð fyrir að hafinn verði fyrsti áfangi fornleifaskráningar í samræmi við aðalskipulagið.

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir auknum verkefnum í tengslum við vinnslu deiliskipulaga, úthlutun lóða og annarra tengdra verkefna. Sérstök áhersla verður á að ljúka við deiliskipulag íbúðabygginga á Bíldudal og Patreksfirði.



## 11.2. Byggingamál og lóðaúthlutunir

Málum vegna lóðaúthlutana og byggingaleyfa hefur fjölgað á milli ára og er að merkja aukinn áhuga á lóðum í sveitarfélaginu til nýbygginga, bæði í dreif- og þéttbýli samhliða auknum umsvifum og mikilli fjölgun íbúa í sveitarfélaginu. Endurnýjun og útgáfa lóðaleigusamninga hefur einnig aukist mikið á milli ára.

## 12. Samantekinn A hluti

### 12.1. Rekstrarreikningur

Sveitarstjórn - A hluti						
	Rannfótur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2026
<b>Rekstrarreikningur</b>						
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útvar og fasteignaskattur.....	694.284	746.893	837.578	899.102	961.201	1.026.210
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	372.832	348.031	385.938	405.235	425.497	446.772
Aðrar tekjur.....	210.659	220.097	184.552	197.202	210.169	223.459
	1.277.776	1.314.021	1.408.068	1.501.539	1.596.867	1.696.441
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launastengd gjöld.....	780.729	800.214	850.889	885.775	922.978	961.743
Lífeyrisskuldabinding, breyting.....	21.468	18.750	15.000	15.000	15.000	15.000
Annar rekstrarkostnaður.....	461.940	447.150	490.772	511.580	532.908	554.770
	1.264.137	1.266.114	1.356.661	1.412.355	1.470.886	1.531.513
<b>Rekstrarmiðurstæða fyrir afskriftir</b>	13.639	47.907	51.407	89.184	125.980	164.928
Afskriftir.....	( 48.766 )	( 51.058 )	( 53.616 )	( 53.577 )	( 59.160 )	( 63.995 )
<b>Rekstrarmiðurstæða án fjármunatækna og fjármagnsgjalda</b>	( 35.127 )	( 3.151 )	( 2.209 )	35.607	66.821	100.934
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	( 936 )	432	449	440	51	90
Vaxtatekjur af krónum á eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 73.168 )	( 73.741 )	( 80.473 )	( 83.473 )	( 93.795 )	( 102.205 )
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Gengismunur.....	( 3 )	0	0	0	0	0
	( 74.107 )	( 73.309 )	( 80.024 )	( 83.033 )	( 93.744 )	( 102.115 )
<b>Rekstrarmiðurstæða án framlaga og skatta</b>	( 109.234 )	( 76.460 )	( 82.233 )	( 47.426 )	( 26.923 )	( 1.182 )
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutleiddarfélaga.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0
Óreglugjafir líðir, tekjur (gjöld).....	0	0	0	0	0	0
<b>Rekstrarmiðurstæða</b>	( 109.234 )	( 76.460 )	( 82.233 )	( 47.426 )	( 26.923 )	( 1.182 )



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

## 12.2. Efnahagsreikningur

Sveitarstjórn - A hluti						
	Raunbótur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
<b>Efnahagsreikningur - Elgír</b>						
<b>Factafjármunir:</b>						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir og lóðir .....	1.204.962	1.206.465	1.253.342	1.451.453	1.630.982	1.758.875
Veitukerfi, hönnuðmannvirkni og góður .....	284.806	262.515	275.022	262.743	250.464	238.185
Vélar, áhöld og tæki .....	55.272	51.963	69.914	60.305	50.696	41.086
Leigðar eignir .....	0	0	0	0	0	0
	1.545.040	1.520.943	1.598.278	1.774.501	1.932.141	2.038.147
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Stofnframlög og eignamiðjur í öðrum félögum .....	117.896	131.381	131.381	131.381	131.381	131.381
Tekjuskattseign .....	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur .....	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	109.978	105.395	100.812	96.229	91.646	87.063
	227.874	236.776	232.193	227.610	223.027	218.444
<b>Factafjármunir</b>	<b>1.772.914</b>	<b>1.757.719</b>	<b>1.830.471</b>	<b>2.002.111</b>	<b>2.155.168</b>	<b>2.256.591</b>
<b>Veltufjármunir:</b>						
Birgðir .....	0	0	0	0	0	0
Önnur heimtar tekjur .....	170.637	170.637	170.637	170.637	170.637	170.637
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	20.994	21.429	33.422	54.721	75.964	95.935
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímask. á eigin fyrirt. ....	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	4.583	4.583	4.583	4.583	4.583	4.583
Aðrar skammtímakröfur .....	12.337	12.337	12.337	12.337	12.337	12.337
Verðbréf .....	0	0	0	0	0	0
Handbært fé .....	43.162	44.894	44.009	5.118	8.965	17.849
<b>Veltufjármunir</b>	<b>251.712</b>	<b>253.879</b>	<b>264.967</b>	<b>247.395</b>	<b>272.085</b>	<b>301.340</b>
<b>Elgír samtals</b>	<b>2.024.626</b>	<b>2.011.598</b>	<b>2.095.438</b>	<b>2.249.506</b>	<b>2.427.253</b>	<b>2.557.931</b>

Sveitarstjórn - A hluti						
	Raunbótur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
<b>Efnahagsreikningur - Elgíó fé og skuldir</b>						
<b>Elgíó fjárfestingar:</b>						
Elgíó fé .....	294.509	218.049	135.816	88.390	61.467	60.285
	294.509	218.049	135.816	88.390	61.467	60.285
<b>Skuldbindingar:</b>						
Lífeyrisskuldbindingar .....	190.153	195.984	200.160	204.382	208.596	212.803
Tekjuskattskuldbinding .....	0	0	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar .....	0	0	0	0	0	0
	190.153	195.984	200.160	204.382	208.596	212.803
<b>Langtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánaðstofnanir og aðrar langtímaskuldir .....	1.080.819	1.140.245	1.303.860	1.488.493	1.675.709	1.789.606
Leiguskuldir .....	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki .....	0	0	0	0	0	0
	1.080.819	1.140.245	1.303.860	1.488.493	1.675.709	1.789.606
<b>Skammtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánaðstofnanir .....	0	0	0	0	0	0
Reiknuð fjárför .....	0	0	0	0	0	0
Vitðisgjafskuldir .....	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki .....	130.667	131.211	121.725	130.660	140.102	150.256
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	122.722	117.933	125.397	128.802	132.315	135.623
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir skuldbindinga .....	6.396	10.815	11.139	11.418	11.703	11.996
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki .....	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	197.360	197.360	197.360	197.360	197.360	197.360
	459.146	457.320	455.622	458.241	481.481	495.236
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	<b>1.730.117</b>	<b>1.793.549</b>	<b>1.959.642</b>	<b>2.151.116</b>	<b>2.365.786</b>	<b>2.497.646</b>
<b>Elgíó fé og skuldir samtals</b>	<b>2.024.626</b>	<b>2.011.598</b>	<b>2.095.468</b>	<b>2.249.506</b>	<b>2.427.263</b>	<b>2.557.931</b>



## 12.3. Sjóðstreymi

Sveitar sjóður - A hluti						
	Rannfótur 2020	Ótkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
<b>Sjóðstreymskýrslitil</b>						
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>						
<b>NIÐURSTAÐA ÁRSINS</b>	( 109.234 )	( 76.460 )	( 82.233 )	( 47.426 )	( 26.923 )	( 1.182 )
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	48.766	51.058	53.616	53.577	59.160	63.995
Verðbætur og gengismunur	40.040	38.116	41.495	39.169	43.870	47.701
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfelaga	0	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	372	( 17.962 )	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta	0	0	0	0	0	0
Frestaður tekjuskattur, breyting	0	0	0	0	0	0
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingum	21.468	18.750	15.000	15.000	15.000	15.000
Breyting á öðrum skuldbindingum	0	0	0	0	0	0
Aðrir liðir	0	0	0	0	0	0
<b>Veltufé frá rekstri (till rekstrar)</b>	<b>1.412</b>	<b>13.502</b>	<b>27.878</b>	<b>60.320</b>	<b>91.106</b>	<b>125.513</b>
Breytingar á rekstrarengdum eignum og skuldum:						
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	4.583	4.583	4.583	4.583	4.583	4.583
Birgðir, breyting	0	0	0	0	0	0
Önnur heilmar tekjur, breyting	( 42.222 )	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur, breyting	( 2.158 )	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, breyting	9.823	0	0	0	0	0
Greiddur vegna lífeyrisskuldbindinga	( 8.546 )	( 10.500 )	( 10.500 )	( 10.500 )	( 10.500 )	( 10.500 )
Greiddur vegna annarra skuldbindinga	0	0	0	0	0	0
	( 38.620 )	( 5.917 )	( 5.917 )	( 5.917 )	( 5.917 )	( 5.917 )
<b>Handbært fé frá rekstri (till rekstrar)</b>	<b>( 37.108 )</b>	<b>7.585</b>	<b>21.961</b>	<b>54.403</b>	<b>85.189</b>	<b>119.596</b>
Fjárfestingahreyfingar:						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	( 99.193 )	( 30.999 )	( 130.951 )	( 229.800 )	( 216.800 )	( 170.000 )
Söluverð rekstrarfjármuna	9.000	22.000	0	0	0	0
Eignarhlutir í félögum, breyting	0	( 13.485 )	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur, breyting	0	0	0	0	0	0
	( 90.193 )	( 22.484 )	( 130.951 )	( 229.800 )	( 216.800 )	( 170.000 )
Fjármögnunarbreyfingar:						
Framlög frá eigin fyrirtækjum og arður	0	0	0	0	0	0
Breyting á hiutafé	0	0	0	0	0	0
Vilðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	83.347	110	( 21.479 )	( 12.364 )	( 11.401 )	( 10.217 )
Tekin ný langtímalán	195.000	134.000	250.000	275.000	275.000	200.000
Afborganir langtímalána	( 106.827 )	( 117.479 )	( 120.416 )	( 126.130 )	( 128.141 )	( 130.495 )
Afborganir leiguskilda	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki, breyting	0	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting	( 2.332 )	0	0	0	0	0
	169.187	16.631	108.105	136.506	135.457	59.288
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>41.886</b>	<b>1.732</b>	<b>( 885 )</b>	<b>( 38.891 )</b>	<b>3.847</b>	<b>8.884</b>
Handbært fé (fjárför) í ársbyrjun	1.277	43.162	44.894	44.009	5.118	8.965
<b>Handbært fé (fjárför) í ári lok</b>	<b>43.162</b>	<b>44.894</b>	<b>44.008</b>	<b>5.118</b>	<b>8.965</b>	<b>17.849</b>





## 13. Samantekinn A og B hluti

### 13.1. Rekstrarreikningur

Samantekið - A og B hluti						
	Rannfótur 2020	Ótkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
<b>Rekstrarreikningur</b>						
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur.....	688.351	740.452	832.329	893.853	955.952	1.020.961
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	372.832	348.031	385.938	405.235	425.497	446.772
Aðrar tekjur.....	552.609	542.946	559.915	582.301	605.247	628.767
	1.613.793	1.631.429	1.778.182	1.881.389	1.986.696	2.096.500
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	831.822	851.209	902.304	939.298	978.749	1.019.856
Lífeyrisskuldabinding, breyting.....	21.468	18.750	15.000	15.000	15.000	15.000
Annar rekstrarkostnaður.....	570.257	558.524	612.400	636.732	661.573	687.237
	1.423.546	1.428.483	1.529.704	1.591.031	1.655.422	1.722.093
<b>Rekstramlíðurstaða fyrir afskriftir</b>	190.246	202.947	248.478	290.359	331.274	374.407
Afskriftir.....	( 79.710 )	( 83.971 )	( 91.411 )	( 96.950 )	( 107.006 )	( 116.315 )
<b>Rekstramlíðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>	110.536	118.975	157.067	193.409	224.268	258.091
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	3.792	466	1.001	836	290	173
Vaxtatekjur af krötum á eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 104.193 )	( 109.835 )	( 113.943 )	( 112.296 )	( 120.136 )	( 125.913 )
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Gengismunur.....	( 6 )	0	0	0	0	0
	( 100.407 )	( 109.369 )	( 112.943 )	( 111.461 )	( 119.846 )	( 125.739 )
<b>Rekstramlíðurstaða án framlaga og skatta</b>	10.129	9.606	44.124	81.948	104.423	132.352
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hluteldarfélaga.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0
Óreglulegir liðir, tekjur (gjöld).....	0	0	0	0	0	0
<b>Rekstramlíðurstaða</b>	10.129	9.606	44.124	81.948	104.423	132.352



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

## 13.2. Efnahagsreikningur

Samanfékkj - A og B hlutf						
	Raunfötur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2026
<b>Efnahagsreikningur - Eignir</b>						
<b>Factafjármunir:</b>						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir og löör	1.292.076	1.286.620	1.351.325	1.544.806	1.719.704	1.842.968
Veltukerfi, hafnamannvirki og götur	827.686	877.546	987.634	1.058.578	1.125.047	1.187.043
Vélar, aðild og tækni	57.956	53.841	75.889	65.114	54.340	43.565
Leigðar eignir	0	0	0	0	0	0
	2.177.718	2.218.007	2.414.847	2.668.497	2.899.091	3.073.576
Aðstufufjármunir og langtímakröfur:						
Stofnframlög og eignamiðir í öðrum félögum	117.896	131.381	131.381	131.381	131.381	131.381
Tekjuskattseign	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	109.978	105.395	100.812	96.229	91.646	87.063
	227.874	236.776	232.193	227.610	223.027	218.444
<b>Factafjármunir</b>	<b>2.405.592</b>	<b>2.454.783</b>	<b>2.647.040</b>	<b>2.896.107</b>	<b>3.122.118</b>	<b>3.292.020</b>
<b>Veltufjármunir:</b>						
Birgðir	0	0	0	0	0	0
Önnur heimtar tekjur	209.460	209.460	209.460	209.460	209.460	209.460
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	0 ( 0 ) (	0 ) (	0 ) (	0 )	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímask. á eigin fyrirt.	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	4.583	4.583	4.583	4.583	4.583	4.583
Aðrar skammtímakröfur	29.026	29.026	29.026	29.026	29.026	29.026
Verðbréfi	0	0	0	0	0	0
Handbært fé	58.551	63.576	57.692	48.351	85.048	134.172
<b>Veltufjármunir</b>	<b>301.620</b>	<b>306.645</b>	<b>300.761</b>	<b>291.419</b>	<b>328.117</b>	<b>377.240</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.707.212</b>	<b>2.761.428</b>	<b>2.947.801</b>	<b>3.187.527</b>	<b>3.450.236</b>	<b>3.669.260</b>

Samanfékkj - A og B hlutf						
	Raunfötur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2026
<b>Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir</b>						
<b>Eiginfjármunir:</b>						
Eigið fé						
Hlutdeild minnihluta	566.192	575.798	619.922	701.870	806.293	938.645
	0	0	0	0	0	0
	566.192	575.798	619.922	701.870	806.293	938.645
<b>Skuldbindingar:</b>						
Lífeyrisskuldbindingar						
Tekjuskattskuldbinding	190.153	195.984	200.160	204.382	208.596	212.803
Aðrar skuldbindingar	0	0	0	0	0	0
	190.153	195.984	200.160	204.382	208.596	212.803
<b>Langtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánstofnanir og aðrar langtímaskuldir						
Leiguskuldir	1.509.440	1.564.843	1.696.548	1.845.139	1.994.274	2.071.972
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
	1.509.440	1.564.843	1.696.548	1.845.139	1.994.274	2.071.972
<b>Skammtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánstofnanir						
Reiknuð fjárför	0	0	0	0	0	0
Vilðskiptaskuldir	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki	0 ( 0 ) (	0 ) (	0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	182.644	163.601	169.645	174.332	178.983	183.457
Næsta árs afborganir leiguskulda	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir skuldbindinga	8.396	10.815	11.139	11.418	11.703	11.996
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	250.386	250.386	250.386	250.386	250.386	250.386
	441.427	434.803	431.171	436.136	441.072	445.840
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	<b>2.141.020</b>	<b>2.185.630</b>	<b>2.327.879</b>	<b>2.485.657</b>	<b>2.643.943</b>	<b>2.730.616</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>2.707.212</b>	<b>2.761.428</b>	<b>2.947.801</b>	<b>3.187.527</b>	<b>3.450.236</b>	<b>3.669.260</b>



## 13.3. Sjóðstreymi

Samanfélið - A og B hluti						
	Raunfótur 2020	Ótkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
<b>Sjóðstreymsiýfirlit</b>						
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>						
Niðurstaða ársins	10.129	9.606	44.124	81.948	104.423	132.352
Liör sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	79.710	83.971	91.411	96.950	107.006	116.315
Verðbætur og gengismunur	57.164	52.953	55.183	49.742	53.574	56.481
Hiutdelid minnihluta í afkomu	0	0	0	0	0	0
Hiutdelid í afkomu dóttur- og hiutdelidarfélaga	0	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	( 55.938 )	( 32.165 )	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap eignarliuta	0	0	0	0	0	0
Frestaður tekjuskattur, breyting	0	0	0	0	0	0
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrtskuldbindingum	21.468	18.750	15.000	15.000	15.000	15.000
Breyting á öðrum skuldbindingum	0	0	0	0	0	0
Aðrir liör	0	0	0	0	0	0
<b>Veltufé frá rekstri (till rekstrar)</b>	<b>112.533</b>	<b>133.115</b>	<b>205.718</b>	<b>243.640</b>	<b>280.003</b>	<b>320.148</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	4.583	4.583	4.583	4.583	4.583	4.583
Birgðir, breyting	0	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, breyting	( 32.114 )	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur, breyting	( 3.754 )	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, breyting	39.164	0	0	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrtskuldbindinga	( 8.546 )	( 10.500 )	( 10.500 )	( 10.500 )	( 10.500 )	( 10.500 )
Greiðslur vegna annarra skuldbindinga	0	0	0	0	0	0
	( 677 )	( 5.917 )	( 5.917 )	( 5.917 )	( 5.917 )	( 5.917 )
<b>Handbært fé frá rekstri (till rekstrar)</b>	<b>111.856</b>	<b>127.198</b>	<b>199.801</b>	<b>237.723</b>	<b>274.086</b>	<b>314.231</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	( 171.633 )	( 132.010 )	( 289.251 )	( 350.500 )	( 337.600 )	( 290.800 )
Söluverð rekstrarfjármuna	99.211	39.914	0	0	0	0
Eignarliutir í félögum, breyting	0	( 13.485 )	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur, breyting	0	0	0	0	0	0
	( 72.422 )	( 105.581 )	( 289.251 )	( 350.500 )	( 337.600 )	( 290.800 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>						
Framlög frá eigin fyrirtækjum og arður	0	0	0	0	0	0
Breyting á hiutafé	0	0	0	0	0	0
Vilðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	0	0	( 0 )	( 0 )	( 0 )	0
Tekin ný langtímalán	223.000	160.000	250.000	275.000	275.000	204.000
Afborganir langtímalána	( 205.639 )	( 176.592 )	( 167.435 )	( 171.465 )	( 174.788 )	( 178.308 )
Afborganir leiguskula	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki, breyting	0	0	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting	( 3.957 )	0	0	0	0	0
	13.393	( 16.592 )	82.565	103.535	100.212	25.692
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	52.827	5.025	( 5.884 )	( 9.341 )	36.598	49.123
Handbært fé (fjárbærf) í ársbyrjun	5.724	58.551	63.576	57.692	48.351	85.049
<b>Handbært fé (fjárbærf) í árslok</b>	<b>68.661</b>	<b>83.676</b>	<b>67.692</b>	<b>48.351</b>	<b>86.049</b>	<b>134.172</b>



## 14. Sundurliðanir 2022

### Skipting málaflokka eftir sviðum

Samkvæmt skipuriti Vesturbyggðar er starfsemi sveitarfélagsins flokkuð í fjármála- og stjórnsýslusvið, fjölskyldusvið, umhverfis- og framkvæmdasvið, hafnastjóra, byggingafulltrúa/skipulagsfulltrúa og slökkviliðsstjóra. Gagnvirkt skipurit er á heimasíðu Vesturbyggðar sem auðveldar íbúum að átta sig á hver ber ábyrgð á hvaða verkefnum sveitarfélagsins hverju sinni.

Skipting málaflokka skv. fjárhagsáætlun eftir sviðum er eftirfarandi:

- Fjármála- og stjórnsýslusvið: 05 Menningarmál önnur en bókasöfn, 13 Atvinnumál og 21 Sameiginlegur kostnaður.
- Fjölskyldusvið: 02 Félagsþjónusta, 04 Fræðslu- og uppeldismál, 05 Bókasöfn
- Umhverfis- og framkvæmdasvið: 03 Heilbrigðismál, 08 Hreinlætismál, 10 Umferðar- og samgöngumál, 11 Umhverfismál, 17 Félagsheimili, 57 Fasteignir Vesturbyggðar ehf., 31 Eignarsjóður, 33 Þjónustumiðstöð, 43 Vatnsveita, 49 Fráveita og 69 Aðrar íbúðir.
- Starfssvið hafnastjóra: 41 Hafnasjóður.
- Starfssvið byggingafulltrúa/skipulagsfulltrúa: 09 Skipulags- og byggingarmál.
- Starfssvið slökkviliðsstjóra: 07 Brunamál og almannavarnir.14.1.

### 14.1. Málaflokkayfirlit 2022

Málarokuyfirlit 2022	Útvar og festlegnaftur	Framlög Jónunarsjóðs	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Laun og launatengd gjöld	Lífeyris- skuldbinding- breyting	Annar rekstrar- kostnaður	Afskriftir	Samtals gjöld	Fjármagnslíðir nettó	Framlög húðleita og aðrir Bóir	Rekstrar- niðurstaða
<b>Aðstoðgjafi</b>												
00 - Skatttekjur	856.810	385.938	0	1.242.748	0	0	0	0	0			1.242.748
02 - Félagsþjónusta	0	0	21.506	21.506	44.918	0	47.711	0	92.828			( 71.123 )
03 - Heilbrigðismál	0	0	5.433	5.433	0	0	8.086	0	8.086			( 2.653 )
04 - Fræðslu- og uppeldismál	0	0	76.177	76.177	497.069	0	233.944	0	731.013			( 654.836 )
05 - Menningarmál	0	0	8.018	8.018	17.432	0	48.430	0	65.882			( 57.864 )
06 - Áskulds- og lördómál	0	0	35.834	35.834	93.328	0	89.184	0	182.512			( 146.678 )
07 - Brunamál og almannavarnir	0	0	1.913	1.913	22.802	0	30.759	0	55.561			( 51.648 )
08 - Hreinlætismál	0	0	39.542	39.542	0	0	62.365	0	62.365			( 22.823 )
09 - Skipulags- og byggingarmál	0	0	5.631	5.631	23.111	0	25.670	0	48.781			( 43.149 )
10 - Umferðar- og samgöngumál	0	0	21.897	21.897	0	0	88.817	0	88.817			( 86.820 )
11 - Umhverfismál	0	0	798	798	0	0	34.556	0	34.556			( 33.770 )
13 - Atvinnumál	865	0	6.523	7.388	12.960	0	17.383	0	30.333			( 22.935 )
20 - Framlög B-húta fyrirtækja	0	0	0	0	0	0	0	0	0			0
21 - Sameiginlegur kostnaður	0	0	50.524	50.524	99.449	0	72.796	0	172.246			( 121.721 )
22 - Breyting lífeyrisskuldbindinga	0	0	0	0	0	15.000	0	0	15.000			( 16.000 )
27 - Öreglugjafið	0	0	0	0	0	0	0	0	0			0
28 - Fjármunartekjur og fjármagnsgjöld	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7.724		( 7.724 )
<b>Aðrir sjóðir í A - húta</b>	857.676	385.938	273.734	1.517.408	811.068	15.000	759.652	0	1.585.760	( 7.724 )	0	( 78.076 )
Eignasjóður	0	0	232.215	232.216	39.821	0	72.635	53.616	168.072	( 72.300 )	0	( 6.167 )
Milifærslur A-húta	( 20.098 )	0	( 321.467 )	( 341.565 )	0	0	( 341.555 )	0	( 341.555 )	0	0	0
<b>A - hluti samtals</b>	837.578	385.938	184.562	1.408.080	850.889	15.000	480.772	63.616	1.410.277	( 80.024 )	0	( 82.233 )
<b>Sjóðir í B - húta</b>												
Hafnastjóri	0	0	282.226	282.226	51.150	0	82.562	25.247	158.988	( 12.621 )	0	110.886
Vatnsveita	0	0	49.193	49.193	0	0	33.380	6.260	88.840	( 2.334 )	0	8.218
Fráveita	0	0	36.727	36.727	0	0	14.693	3.895	18.688	( 7.548 )	0	10.890
Félagseigar íbúðir	0	0	3.517	3.517	0	0	1.371	502	1.879	0	0	1.844
Fasteignir Vesturbyggðar	0	0	17.790	17.790	225	0	8.961	2.891	12.077	( 10.315 )	0	( 4.802 )
Milifærslur B-húta	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>B - hluti samtals</b>	0	0	389.463	389.463	61.416	0	140.967	37.796	250.177	( 32.918 )	0	126.967
Milifærslur AB-húta	( 5.249 )	0	( 14.030 )	( 19.279 )	0	0	( 19.329 )	0	( 19.329 )	0	0	0
<b>A og B hluti samtals</b>	832.329	385.938	574.025	1.778.182	912.304	15.000	621.741	101.412	1.660.454	( 112.942 )	0	( 55.266 )



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

## 14.2. Efnahagsyfirlit 2022

Efnahagsyfirlit 2022	Aðalsjóður	Eignasjóður	Millifærslur	A - hluti	Hafnarsjóður	Vatnsvelta	Frávelta	Félagslegar Íbúðir	Fasteignir Vesturbyggðar	Millifærslur	A og B - hluti
<b>Efnahagsreikningar - Eignir</b>											
<b>Fastafjármunir:</b>											
Varanlegir rekstrarfjármunir:											
Fasteignir og lóðir	0	1.253.342	0	1.253.342	19.620	0	0	13.020	66.343	0	1.351.325
Veltukerfi, hafnarmannvirkni og götur	0	275.022	0	275.022	433.648	158.313	120.651	0	0	0	387.634
Vélar, hönd og tæki	0	69.914	0	69.914	5.975	1	0	0	0	0	75.889
Leigðar eignir	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	0	1.598.278	0	1.598.278	458.243	158.313	120.651	13.020	66.343	0	2.414.847
<b>Ahættufjármunir og langtímakröfur:</b>											
Stofnframlög og eignamiðlar í öðrum félögum	117.896	13.485	0	131.381	0	0	0	0	0	0	131.381
Tekjuskattseign	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki - A	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki - B	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	100.812	0	0	100.812	0	0	0	0	0	0	100.812
	218.708	13.485	0	232.193	0	0	0	0	0	0	232.193
<b>Fastafjármunir</b>	218.708	1.611.763	0	1.830.471	458.243	158.313	120.651	13.020	66.343	0	2.647.040
<b>Veltufjármunir:</b>											
Biðgörl	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Önnheimtar tekjur	170.693	( 56 )	0	170.637	38.796	0	0	0	27	0	209.460
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - A	123.674	171.908	( 295.582 )	0	104.989	0	4.345	10.079	2.312	( 121.725 )	( 0 )
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - B	33.422	0	0	33.422	0	0	0	0	0	( 33.422 )	0
Næsta árs atb. langtímakrafna	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Næsta árs atb. langtímakrafna - A	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Næsta árs atb. langtímakrafna - B	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	4.583	0	0	4.583	0	0	0	0	0	0	4.583
Aðrar skammtímakröfur	12.337	0	0	12.337	16.689	0	0	0	0	0	29.026
Verðbætur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Handbætt fe	44.009	0	0	44.009	5.772	0	0	0	7.911	0	57.692
<b>Veltufjármunir</b>	388.717	171.852	( 295.582 )	264.987	166.247	0	4.345	10.079	10.250	( 155.147 )	300.761
<b>Eignir samtals</b>	607.425	1.783.615	( 295.582 )	2.095.458	624.489	158.313	124.996	23.099	76.593	( 155.147 )	2.947.801

Efnahagsyfirlit 2022	Aðalsjóður	Eignasjóður	Millifærslur	A - hluti	Hafnarsjóður	Vatnsvelta	Frávelta	Félagslegar Íbúðir	Fasteignir Vesturbyggðar	Millifærslur	A og B - hluti
<b>Efnahagsreikningar - Elgió fé og skuldir</b>											
<b>Eignifjárreikningar:</b>											
Elgió fé	( 354.299 )	490.115	0	135.816	413.014	95.622	23.814	23.099	( 71.443 )	0	619.922
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	( 354.299 )	490.115	0	135.816	413.014	95.622	23.814	23.099	( 71.443 )	0	619.922
<b>Skuldbindingar:</b>											
Lífeyrisskuldbindingar	200.160	0	0	200.160	0	0	0	0	0	0	200.160
Tekjuskattskuldbinding	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	200.160	0	0	200.160	0	0	0	0	0	0	200.160
<b>Langtímaskuldir:</b>											
Skuldir við lánastofnanir og aðrar langtímaskuldir	133.631	1.170.230	0	1.303.860	137.156	25.184	92.214	0	138.133	0	1.696.548
Leiguskuldir	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki - A	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki - B	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
